

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda- og lagadeild
Lögfræði
Vor 2007



Réttur strandríkja til landgrunns samkvæmt þjóðarétti

Dagný Rut Haraldsdóttir
Lokaverkefni í Félagsvísinda- og lagadeild



Samningur milli nemenda Háskólans á Akureyri og bókasafns háskólans um meðferð lokaverkefna

Ég undirrituð/aður,.....nemandi við Háskólann á Akureyri afhendi hér með bókasafni háskólans þrjú eintök af lokaverkefni mínu, eitt prentað og innbundið, annað prentað og óinnbundið og það þriðja á geisladiski.

Titill verkefnis:

Prentuð eintök:

Lokaverkefnið er lokað til: dags. _____ ártal: _____

Ef lokaverkefnið er opið er bókasafninu heimilt að:

- | | | |
|--------------------------|--------------------------|--|
| já | nei | |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | lána það út til nemenda eða kennara HA |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | lána það út til utanaðkomandi aðila |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | lána það til lestrar á staðnum |
-

Ef lokaverkefnið er opið er heimilt:

- | | | |
|--------------------------|--------------------------|---|
| já | nei | |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | að vitna til þess í ræðu og riti |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | að vitna til þess í ræðu og riti að fengnu samþykki mínu í hverju tilviki |
-

Ef lokaverkefnið er opið er heimilt:

- | | | |
|--------------------------|--------------------------|--|
| já | nei | |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | að ljósrita takmarkaða hluta þess til eigin nota |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | að ljósrita tiltekna hluta þess að fengnu samþykki mínu í hverju tilviki |
-

- | | | |
|--------------------------|--------------------------|---|
| já | nei | |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Bókasafninu er heimilt að ljósrita lokaverkefnið til viðhalds á snjádum eintökum sínum, þó aldrei svo að það eigi fleiri en tvö eintök í senn |

Stafrænt eintak:

Stafrænt eintak verður vistað á pdf-formi í rafrænu geymslusafni, Skemmunni. Óheimilt er að prenta eða afrita lokaverkefni í Skemmunni. Það er á ábyrgð undirritaðs að stafrænt eintak sé að fullu sambærilegt við prentað eintak, þ.e. að því fylgi forsíða, titilsíða og öll fylgiskjöl/viðaukar.

Lokaverkefnið er lokað

já nei til: dags. _____ ártal: _____

Lokaverkefnið er opið eða verður opnað síðar og bókasafninu þá heimilt að:

já nei bjóða opinn aðgang að því á vefnum í heild sinni til allra

leyfa nemendum og starfsmönnum háskólans aðgang með notendanöfnum og lykilorðum

Lokaverkefnið er lokað að hluta til eða í heild og bókasafninu er heimilt að leyfa aðgang á vefnum að:

já nei efnisyfirliti

útdrætti

heimildaskrá

Akureyri / 20

nemandi

bókavörður

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda- og lagadeild
Lögfræði
Vor 2007

Réttur strandríkja til landgrunns samkvæmt þjóðarétti

Dagný Rut Haraldsdóttir

Lokaverkefni til 90 eininga B.A. prófs í Félagsvísinda- og lagadeild

Leiðbeinandi: Pétur Dam Leifsson

Yfirlýsingar:

Ég lýsi því hér með yfir að ég einn er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Undirskrift

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A.-prófs í félagsvísinda- og lagadeild.

Undirskrift

Útdráttur

Hafréttur er sérsvið þjóðaréttar og falla landgrunnsréttindi strandríkja undir það svið. Þessi ritgerð mun fjalla um þau og réttarstöðu landgrunns samkvæmt þjóðarétti. Landgrunnsréttindi strandríkja eiga sér í raun ekki ýkja langa sögu en þó afar athyglisverða því þau voru þónokkuð óljós framan af. Þau voru fyrst skjalfest með Genfarsamningnum um landgrunn en voru þar afar óskýr og takmarkalítill og það var ekki fyrr en með samþykkt Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna árið 1982 að þau voru skýrð og takmarkanir settar. Njóta nú strandríki víðtækra réttinda á landgrunni sínu, hvort sem er innan 200 sjómílna eða þar fyrir utan. Æ fleiri strandríki gera nú tilkall til aukinna landgrunnsréttinda utan 200 sjómílna. Til að bregðast við þessu var sett ákvæði í Hafréttarsamninginn, 76. grein hans, sem eingöngu er um landgrunn, skilgreiningu þess og reglur um mælingar ytri markanna. Landgrunnsréttindunum fylgja, auk ýmissa kosta, ábyrgð og strandríkin þurfa að sinna ákveðnum skyldum. Stofnuð var sérstök Landgrunnsnefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna (*LOSC*) til að hafa yfirumsjón með þeim strandríkjum er gera tilkall til ytra landgrunns og taka við greinagerðum þeirra þar sem þau rökstyðja kröfur sínar. Í ritgerð þessari er athyglinni sérstaklega beint að Íslandi og því ytra landgrunni er það gerir tilkall til. Þau landgrunns svæði eru þrjú talsins og liggja annars vegar suður af landinu, þ.e. á Reykjaneshryggnum og á Hatton-Rockall svæðinu, og hins vegar austur af landinu, þ.e. í Síldarsmugunni. Ísland er eitt ríkja er gerir tilkall til landgrunnsréttinda á Reykjaneshryggnum en fleiri ríki gera tilkall til hinna svæðanna tveggja og þarf því að nást samkomulag svo hægt sé að senda inn greinagerð til Landgrunnsnefndarinnar. Því verður í lokin velt upp hvort kröfur Íslands geti talist raunsæar eður eigi.

Abstract

Law of the Sea is a specific sector of national law and the thesis will deal with the continental shelf and its legal status according to national law. Despite a short history, the rights that countries enjoy on the continental shelf are very interesting due to their indefinite in the beginning. The rights countries enjoy were first put in writing in the Geneva Conventions. The rights included in these conventions were very unclear and unlimited up until the writing of the United Nations Convention on the Law of the Sea (*UNCLOS*) in 1982. Coastal states enjoy extensive rights, both on the continental shelf inside the 200 miles and beyond the 200 miles. More and more countries today are claiming extensive continental rights beyond the 200 nautical miles. To respond to these claims, the *UNCLOS* includes an article, article 76, that cleared up some definitional issues and explained how the outer limits were to be measured. Benefits are not the only thing to follow the rights on the continental shelf, but also responsibility and duties of States. The United Nations founded a specific Commission on the Limits of the Continental Shelf (*LOSC*) to supervise countries claiming outer limits and to review their submissions where they defend their claims. In thesis I will specifically look at Iceland and the continental shelf areas that Iceland claims. These include three areas, two south of Iceland, Reykjaneshryggur and the Hatton Rockall area, and one on the east of Iceland, the Síldarsmugan area. Iceland solely claims rights on the continental shelf on the Reykjaneshryggur. Whereas more than one country claims the right on the Hatton Rockall and the Síldarsmugan area, an agreement has to be concluded between the countries and submitted to the *LOSC*. Whether Iceland makes realistic claims in these agreements will be investigated in this thesis.

Formáli

Vel flestir Íslendingar hafa eflaust heyrt frá unga aldri að sjávarútvegur sé okkur afar mikilvægur sem atvinnugrein og að hann hafi hér á árum áður verið hornsteinn íslensks atvinnulífs og aðal tekjulind þjóðarinnar. Það er því ríkt í okkur Íslendingum að standa vörð um hafið og auðlindir þess umhverfis landið. Við höfum att harða baráttu um lögsögu okkar og landhelgi sem skráð hefur verið í sögubækur. Í þeirri baráttu höfum við ætíð borið fyrir okkur að samfélag okkar byggji afkomu sína á sjávarútvegi og að útvíkkun lögsögunnar skipti sköpum fyrir okkur sem þjóð. Þó svo að við höfum náð miklum árangri í þeirri baráttu þá skal enn á ný haldið af stað í baráttuhug og nú til að öðlast aukin landgrunnsréttindi en Íslendingar krefjast nú aukinna landgrunnsréttinda og verður fróðlegt að fylgjast með hvernig því máli lyktar.

Fyrir mér er hafréttur eitt af mest spennandi sviðum lögfræðinnar. Hvort uppeldi mitt í sjávarplássi hafi haft einhver áhrif þar um er ekki gott að segja en hitt veit ég að sú ríka tilhneiging okkar Íslendinga að standa vörð um réttindi okkar á hafinu hefur haft sín áhrif. Það var því afar áhugavert að leggja stund á hafrétt á 2. ári í laganámi við Háskólann á Akureyri og ýtti það enn frekar undir áhugann. Ég vonast til að skrif mín eigi eftir að verða kveikja að því að laganemar jafnt sem aðrir kynni sér þessi mál enn frekar því auk þess að vera hagnýt eru þau afar skemmtileg.

Margt gott fólk kom mér til aðstoðar við ritgerðarsmíðina á einn eða annan hátt. Hjálpsamt fólk sem starfar á sviði stjórnsýslunnar var mér innan handar þegar kom að heimilda- og gagnaöflun og ber þar helst að nefna þá Tómas H. Heiðar og Kristján L. Möller. Leiðbeinanda mínum, Pétri Leifssyni, þakka ég fyrir að hafa ýtt undir áhuga minn og leiðbeint mér í gegnum skrifin. Ekki má gleyma fjölskyldu minni og vinum sem voru, eins og svo oft áður, hvatningamenn mínir og hughreystendur og fyrir það þakka ég þeim.

Dagný Rut Haraldsdóttir

Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri

Efnisyfirlit

Inngangur	2
I. Almennt um hafrétt og réttarstöðu strandríkja á hafinu	4
1. Svæði hafsins	4
II. Landgrunnsréttindi í sögulegu samhengi	5
2. Þróun landgrunnsréttinda á Íslandi	7
III. 76. grein Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna	10
3. Skilgreining landgrunns	10
4. Staðsetning hliðarfótar	11
5. Hámark ytra landgrunns.....	14
6. Önnur ákvæði 76. greinar	15
7. Réttindi og skyldur ríkja á landgrunssvæðinu	15
7.1 Réttindi strandríkja.....	15
7.2 Skyldur strandríkja.....	16
IV. Afmörkun landgrunns milli aðlægra eða mótlægra ríkja	18
V. Ytra landgrunn	19
8. Auðlindir landgrunnsins.....	19
VI. Landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna	21
9. Skipun Landgrunnsnefndarinnar	21
10. Hlutverk Landgrunnsnefndarinnar	21
11. Tímamörk greinagerða.....	22
12. Strandríki er þegar hafa gert tilkall til landgrunssvæðis utan 200 sjómílna	23
VII. Landgrunssvæði þau er Ísland gerir tilkall til	23
13. Samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál	24
14. Síldarsmugan.....	25
15. Hatton Rockall	26
16. Reykjaneshryggur	29
VIII. Lokaorð	33
IX. Viðauki	34
X. Heimildaskrá	37

Inngangur

Nú er svo komið með nýrri tækni að ýmislegt fleira er hægt að nýta úr sjónum en einungis sjávarfangið. Landgrunnið og hinn djúpi hafsbotn handan þess hafa að geyma ýmsar auðlindir sem enn eru ekki full kannaðar. Með þeim tækniframförum sem eiga sér stað í heiminum í dag er þess eflaust ekki langt að bíða að hægt verði að kanna auðlindirnar til fulls. Hvað nákvæmlega leynist á hafsbotni er ekki gott að segja og verða tíminn og vísindin að leiða það í ljós. Ísland hefur eins og önnur strandríki óskoruð yfirráð yfir landgrunni sínu a.m.k. 200 sjómílu á haf út. Auk þess gerir það tilkall til ytri landgrunnsréttinda á þremur svæðum utan 200 sjómílnanna. Hafa samningar nást við önnur ríki er einnig gera tilkall til landgrunns á einu þessara svæða en óljóst er hvernig ákvarðanir um hin tvö svæðin muni verða. Það landgrunnssvæði er Ísland gerir tilkall til samsvarar þrettánföldu yfirráðasvæði þess á landi og er því um afar víðáttumikið svæði að ræða. Svæðin eru samtals þrjú og liggja annars vegar suður af landinu og hins vegar austur af því. Ísland mun þurfa að skila inn greinagerð sinni, þar sem fram koma rökstuddar kröfur, í síðasta lagi í maí 2009 til Landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna sem mun vonandi samþykkja hana. Ef svo fer ekki mun hún væntanlega skila tilbaka álitserð og tillögum um hvernig afmörkun landgrunnssvæðisins skuli háttað. Hver niðurstaðan nákvæmlega verður er erfitt að segja til um en áhugavert er að velja því fyrir sér hvort þær kröfur er Íslendingar munu gera muni teljast raunhæfar og hvort líkur séu á að Landgrunnsnefndin fallist á rökstuðning þann er býr í greinagerðinni.

Í þessari ritgerð mun ég byrja á að fjalla almennt um hafrétt og réttarstöðu strandríkja á hafinu. Ég tel það nauðsynlegt í byrjun slíkrar ritgerðar svo lesandinn eigi auðveldara með skilning á meginefni hennar. Eftir þá yfirferð mun ég fjalla stuttlega um landgrunnsréttindi ríkja í sögulegu samhengi og þá helst beina sjónum mínum að sögu Íslands í því tilliti. Svo mun ég víkja máli mínu að Hafréttarsáttmálanum og beina sjónum mínum einna helst að 76. grein hans sem fjallar um skilgreiningu á landgrunninu. Ég mun fara ítarlega yfir hvern tölulið greinarinnar í þeim tilgangi að reyna að skilja efni hennar til hlítar. Þá mun ég fara stuttlega yfir afmörkun landgrunnssvæða á milli aðlægra og mótlægra ríkja. Út frá því mun ég fjalla sérstaklega um ytra landgrunnið. Til að mynda hvaða auðlindir er þar að finna og

hvaða hag strandríki hafa almennt af því að gera tilkall til aukinna landgrunnsréttinda. Þá mun ég taka fyrir Landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna og fara yfir stöðu hennar og megin hlutverk. Ég mun því næst fara almennt yfir réttarstöðu strandríkja varðandi landgrunnið en beina svo sjónum mínum til Íslands og einblína sérstaklega á stöðu þess varðandi landgrunssvæðin. Ég mun fara yfir hvert og eitt svæði er Ísland gerir tilkall til sérstaklega og setja fram mína rökstuddu skoðun varðandi það hvort þessar kröfur geti talist raunsæar eður ei.

I. Almennt um hafrétt og réttarstöðu strandríkja á hafinu

Hafréttur er sérsvið þjóðaréttar og eru álitamál hans afar mörg og fjölbreytileg. Hafréttur kemur öllum ríkjum heims við þótt, eðli máls samkvæmt, hafi hann meiri áhrif á strandríki en landlukt ríki. Helstu réttarheimildir hafréttar eru tvenns konar, þ.e. annars vegar svokallaðar þjóðréttarvenjur og hins vegar þjóðréttarsamningar af ýmsu tagi. Í Genfarsamningunum, sem samþykktir voru á fyrstu hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf árið 1958, voru til að mynda ýmsar þjóðréttarvenjur bundnar í samninga en nokkur fjöldi af ríkjum heims fullgiltu þá. Voru þetta alls fjórir samningar; Genfarsamningurinn um landhelgi og aðlæga beltið, Genfarsamningurinn um landgrunnið, Genfarsamningurinn um úthafið og að lokum Genfarsamningurinn um fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda á úthafinu. Það kom þó í ljós þegar á reyndi að þó nokkrir annmarkar voru á samningunum og ákvað allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna því að taka til endurskoðunar þær þjóðréttarreglur er giltu í hafrétti og boðaði til þriðju hafréttarráðstefnunnar árið 1973. Sú ráðstefna átti eftir að hafa gífurlega miklar breytingar í för með sér. Henni lauk níu árum síðar, eða árið 1982, með samþykkt einhvers stærsta og ítarlegasta samnings er gerður hefur verið á sviði hafréttar; Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna.¹

1. Svæði hafsins

Hafréttur er flókið svið lögfræðinnar því hann tekur til margra þátta. Til að mynda er réttarstaða ríkja mismunandi eftir svæðum úti fyrir landi, þ.e. það gilda ekki sömu þjóðréttarreglur á öllum þessum svæðum. Svæðin skiptast í innsævi, landhelgi, aðlæga belti, efnahagslögsögu, landgrunn, úthaf og að lokum hið alþjóðlega hafsbotnssvæði. Á innsævinu og í landhelginni nýtur strandríkið fullveldisréttar. Það þýðir að það fer eitt með fullríkisýfirráð á þessum svæðum. Þó er gerð ein undantekning um landhelgið og er það að erlendi skip mega sigla þar um í friðsamlegum ferðum eingöngu. Í aðlægu belti getur ríki einungis notið sértækra réttinda á borð við lögsögu í tollamálum og sóttvarnamálum. Ríki hafa víðtæk réttindi í efnahagslögsögu sinni og hafa til að mynda einkarétt til hafrannsóknna og fara með stjórn á nýtingu fiskistofna. Geta þau þá sett þar ýmsar reglur og tekið ýmsar ákvarðanir án þess að

¹ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001) bls. 15-17. Hafréttarsamningur SP er stundum nefndur Hafréttarsáttmáli SP en notast verður við fyrra heitið hér.

þurfa að ráðfæra sig við önnur ríki. Umfang réttinda strandríkja á landgrunninu utan landhelgi voru nokkuð óljós fram að samþykkt Hafréttarsamningsins. Njóta nú ríki víðtækra réttinda þar, hvort sem er á landgrunni innan 200 sjómílna eða þar fyrir utan. Annað er að segja um úthafið því þar á ekkert ríki rétt umfram annað og telst almenningseign (*res communis*). Öll ríki heims mega stunda þar veiðar og því gildir þar ákveðið frelsi. Skylt er þó að ríki noti úthafið ávallt í friðsamlegum tilgangi og það sama gildir um hið alþjóðlega hafsbotnssvæði handan landgrunnssvæða strandríkja. Það telst vera „sameiginleg arfleifið alls mannkyns.“ Þýðir það að ekkert ríki geti tekið sér réttindi á svæðinu heldur er nýting þar háð leyfum Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar.²

II. Landgrunnsréttindi í sögulegu samhengi

Landgrunnsréttindi strandríkja voru í reynd, eins og áður segir, ekki viðurkennd fyrr en með Hafréttarsamningnum árið 1982. Þar fengu ríki í fyrsta sinn skjalfest hver réttindi þeirra væru á þessu hafsbotnssvæði. Saga landgrunnsréttinda Íslendinga var framan af háð réttindum annarra svæða, þá aðallega landhelginni og efnahagslögsögunni. Í dag er landhelgi Íslands 12 sjómíllur frá grunnlínunum landsins en svo hefur þó ekki alltaf verið. Árið 1859 taldist landhelgi Íslands vera 4 sjómíllur, en árið 1882 var gerður Norðursjávarsamningur milli Breta og Dana er gerði ráð fyrri 3 sjómílna landhelgi og náði hann til Íslands árið 1901 og var í gildi allt til ársins 1951. Sumstaðar í heiminum gekk útvíkkun lögsögu- og landgrunnsréttinda þó hraðar fyrir sig. Árið 1945 kom til hin svokallaða Truman-yfirlýsing er markar stór skil í sögu landgrunnsréttinda strandríkja. Harry S. Truman, þáverandi forseti Bandaríkjanna, gaf út þá yfirlýsingu að Bandaríkin áskildu sér bæði lögsögu og yfirráðarétt yfir landgrunni sínu utan landhelginnar. Í yfirlýsingunni kom fram að talið væri að landgrunnið næði allt að 200 sjómíllur á haf út. Á komandi árum fóru önnur strandríki að fordæmi Bandaríkjanna, og varð það því fljótt að þjóðréttarvenju að ríki ættu tilkall til að nýta og stjórna þeim auðlindum er fyrirfinndust á landgrunninu.³

² Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 21-26

³ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 140

Árið 1952 var sett reglugerð þar sem landhelgi Íslands var ákveðin 4 sjómíllur miðað við beinar grunnlínur landsins. Þetta sama ár kom út Santiago-yfirlýsingin þar sem Suður-Ameríkulöndin Chile, Ekvador og Perú lýstu því yfir að þau tækju sér lögsögu yfir hafinu og lofthelginni út að 200 sjómílna mörkunum. Þetta féll mjög í grýttan jarðveg annarra ríkja enda í algjörri andstöðu við þær réttarheimildir er gilda í þjóðarétti. Það var síðan árið 1958, sama ár og hin fyrsta hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna var haldin, að fram kom önnur reglugerð á Alþingi er varðaði fiskveiðilandhelgi Íslands og var hún þá færð út í 12 sjómíllur. Íslendingar tóku þessa ákvörðun einhliða, það er án samþykkis annarra ríkja. Þó nokkur óánægja varð meðal ríkja en héldu þau, þó öll nema Bretland, skipum sínum fyrir utan 12 sjómíllurnar.⁴ Ein af fastanefndum Sameinuðu þjóðanna, alþjóðalaganefndin, gaf út skýrslu þar sem fram kom að engar sérstakar eða fastar alþjóðareglur giltu um víðáttu landhelginnar en jafnframt að alþjóðalög heimiluðu ekki rýmri landhelgi en 12 sjómíllur.⁵ Fljótlega eftir aðra hafréttarráðstefnu SP sem haldin var árið 1960 viðurkenndu ríki almennt þessi nýju lögsögumörk er Íslendingar höfðu sett.⁶ Árið 1972 lýstu íslensk stjórnvöld yfir 50 sjómílna fiskveiðilögsögu, ákvörðun sem enn og aftur var tekin einhliða. Bretar voru ekki á eitt sáttir því þeir höfðu stundað veiðar innan þessa svæðis og skutu málinu til Alþjóðadómstólsins sem kvað upp sinn endanlega dóm árið 1974 og samþykkir hann það sjónarmið Breta að litið hafi verið framhjá mögulegum rétti þeirra en hins vegar kvað dómstólinn ekki úr um það hvort útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 50 sjómíllur hafi verið lögmæt eður ei, en viðurkennir þó að ríki geti átt tilkall til slíkrar útfærslu fiskveiðilögsögu. Markaði þessi dómur tímamót í hafrétti þar sem þetta var í fyrsta sinn er alþjóðlegur dómstóll viðurkennir hugtakið ‘fiskveiðilögsaga’. Fiskveiðilögsaga landsins var því jafn víðáttumikil og landhelgin á árunum 1958-72, þ.e. 12 sjómíllur, en lögsagan var síðan aukin á árunum 1972-75 í 50 sjómíllur. Það var síðan árið 1975 að íslensk stjórnvöld lýstu yfir 200 sjómílna fiskveiðilögsögu með reglugerð 299/1975.⁷

⁴ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 51-59 og Davíð Ólafsson, *Saga landhelgismálsins: baráttan fyrir stækkun fiskveiðilögsögunnar í 12 míllur*, (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1999) bls. 14-76

⁵ Davíð Ólafsson, *Saga landhelgismálsins*, bls. 141-144

⁶ Davíð Ólafsson, *Saga landhelgismálsins*, bls. 329-333

⁷ Reglugerðasafn, „Reglugerð nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands“ Forsætisráðuneytið

2. Þróun landgrunnsréttinda á Íslandi

Þróun landgrunnsréttinda í heiminum kallaði á aukna löggjöf strandríkja og þar er Ísland ekki undanskilið. Fyrstu löggin er sett voru um landgrunnið, þá innan 200 sjómílna, voru hin svo kölluðu landgrunnslæg. Eru það lög nr. 44. frá 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskmiða landgrunnsins. Var þetta mikill áfangi fyrir Íslendinga og fyrstu íslensku löggin er vísuðu til réttinda á landgrunninu. 1. mgr. 1. gr. laganna hljóðar svo:

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, [eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu], þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. ...

Matthías Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, skrifar árið 1978 um landgrunnslæg þau er samþykkt voru á Íslandi árið 1948, að með þeim hafi verið „lagður hornsteinn að framtíðarstefnu Íslendinga hvað snertir fiskvernd og hagnýtingu fiskimiðanna við landið“. Þetta eru orð að sönnu því landgrunnslæg þessi mörkuðu djúp spor í sögu Íslands. Þau urðu raunar lagastoð fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar er sett var með reglugerðum, þ.e. fyrst í 12 sjómílur, þá í 50 sjómílur og að lokum í 200 sjómílur. Ekkert lát var á framþróun þessara mála og árið 1979 voru samþykkt lög á Alþingi er vörðuðu yfirráðarétt yfir íslenska landgrunninu. Eru þetta lög nr. 41 frá 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og er 5. gr. þeirra svo hljóðandi:

Landgrunn Íslands nær til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi, sem eru framlenging landssvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunns svæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínunum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunns svæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. þó 7. gr.

6. gr. laganna tekur til fullveldisréttar landsins yfir landgrunninu og að sá réttur taki til allra rannsókna og hagnýtingar á ólífraenum auðlindum landgrunnsins sem og á lífverum er kenndar eru við botnsetutegundir. 2. mgr. 6. gr. laganna áréttar að það sé í

höndum stjórnvalda að setja reglur um rannsóknir og hagnýtu auðlindanna.⁸ 1.mgr. 7. gr. segir að „afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns milli Íslands og annarra landa skal eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi ríki og skulu slíkir samningar háðir samþykki Alþingis.“⁹ Hafa aðeins tveir slíkir samningar verið gerðir. Annars vegar er það samningur um landgrunnsmörkin milli Íslands og Jan Mayen sem undirritaður var árið 1981. Var í þessum samningi ákveðið að landgrunnsmörkin milli ríkjanna skyldu vera þau sömu og mörkin á milli efnahagslögsögunnar og ná landgrunnuréttindi Íslendinga því 200 sjómíllur eins og efnahagslögsagan. Þó var samið um sérstök sameiginleg landgrunnuréttindi á hluta svæðisins.¹⁰ Hins vegar er það samningur sem undirritaður var í júlí árið 1997 um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Grænlands.¹¹ Eru þessi lög þau einu í íslenskum lagabálkum er kveða á um afmörkun landgrunns milli ríkja. Engin íslensk lög eru þó til um hvað gera skuli þegar hið náttúrulega landgrunn nær utar en hið lögfræðilega. Er þá einungis hægt að stóla á Hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna sem tilgreinir hvernig bregðast skuli við þegar strandríki standa frammi fyrir slíku, og verður vikið að því síðar.

Árið 1983 var lagt fram frumvarp á Alþingi um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, og voru flutningsmenn þessa frumvarps þau Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon og Svavar Gestsson. Upphaflega var þetta frumvarp þó flutt af fyrsta flutningsmanni í efri deild Alþingis á 105. löggjafarþingi árið 1982, og var það þá undirbúið af nefnd er iðnaðarráðuneytið kom á laggirnar. Í fylgiskjali I við frumvarpið er einmitt álit þessarar nefndar, Allsherjarnefndar efri deildar, birt í heild sinni. Í því kemur fram að um þýðingarmikið og vandmeðfarið mál sé að ræða og að það verði að athuga mun betur en gert hafi verið. Telur nefndin að allri lagasetningu, er við kemur landgrunnssvæði því er Ísland á rétt til samkvæmt 76. gr. Hafréttarsamningsins, eigi að haga þannig að einkaréttur íslenska ríkisins „...sé sem best tryggður og allar veiðar útlendinga við botninn bannaðar.“ Nefndin telur þá að íslenskir fiskimenn eigi að sækja á þessu

⁸ 6. gr. laga nr. 41 frá 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn

⁹ 1. mgr. 7. gr. l. nr. 41/1979

¹⁰ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 173-4

¹¹ Stjórnarráð Íslands, „Áfangar 1999. Utanríkisráðuneytið“ Forsætisráðuneytið. Vefslóð: http://www.stjr.is/Afangar_1999/nr/39 og má nálgast samninginn á vef Alþingis, vefslóð: <http://www.althingi.is/altxt/122/s/1047.html>

svæði og bægja þar með erlendum veiðiskipum frá í samræmi við alþjóðalög. Að lokum segir nefndin að þau málefni er varða yfirborð landgrunnsins á þessum svæðum, Reykjanes hrygg, Jan Mayen-svæðinu sem og á Rockall svæðinu, eigi að heyra undir sjávarútvegsráðuneytið, og að þessum málum verði sýndi skjót viðbrögð og þau borin upp á næsta þingi.¹² Það var þó ekki fyrr en 18. maí árið 1990 að sett voru lög um þetta efni og eru það lög nr. 73 um eignarétt íslenska ríkisins að auðlinum hafsbotsins.¹³ Í ræðu sinni á Alþingi árið 1990 vísar Birgir Ísl. Gunnarsson einmitt til nefndar þessarar og að ekkert hafi gerst í málinu síðan hún skilaði inn álitinu sínu. Segir Birgir þetta vera vegna viss ágreinings er hafi risið um hvort þessi mál ættu undir iðnaðarráðuneytið eða sjávarútvegsráðuneytið og því hafi hvorugt þeirra nokkuð aðhafst í málinu.¹⁴

Þann 9. maí 1985 undirritar Geir Hallgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, reglugerð um afmörkun landgrunns til vesturs, suðurs og austurs.¹⁵ Landgrunnið er afmarkað eins og sýnt er á mynd 1 í viðaukanum og kemur fram í 2. gr. reglugerðarinnar að ákvæði 76. gr. Hafréttarsamningsins hafi verið lögð til grundvallar ákvörðunar um landgrunns mörkin. Í 3. gr. reglugerðarinnar er útskýrt hvar hver liður liggur og sést það einnig nokkuð skýrt á mynd 1. Liður ABC er miðlína milli Íslands og Færeyja og liður JK er miðlína milli Íslands og Grænlands. Liður CD er svo dreginn við 200 sjómílna fjarlægð frá Færeyjum Stóra-Bretlandi og Írlandi og sést þar rétt fyrir utan hvar Rockall kletturinn er staðsettur. Liður DEF er um 60 sjómílna fjarlægð frá brekkufæti. Liður FGH sýna 350 sjómílna fjarlægð frá Íslandi. Ef mörk landgrunnsins væru þarna miðuð við brekkufót, sem staðsettur er á neðansjávarhrygg Reykjanes, myndi það ná mun lengra en 350 sjómílnur en skv. 5. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins eru 350 sjómílnur hámark fyrir neðansjávarhrygg og því var ákveðið að fara þessa leið samkvæmt 6. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins. Liður HIJ eru svo 200 sjómílna mörk Grænlands.¹⁶

Þetta sama ár, nánar tiltekið þann 21. júní 1985, fullgildir Ísland Hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna en öðlast hann þó ekki gildi hér á landi fyrr en 16. nóvember

¹² Frumvarp til laga um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, 116. mál, þskj. 128.

¹³ Lög nr. 73 frá 18. maí 1990 um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins

¹⁴ Birgir Ísleifur Gunnarsson (1990). Ræða um eignarétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotsins

¹⁵ Reglugerð nr. 196 frá 9. maí 1985 varðandi afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs

¹⁶ Reglugerð nr. 196/1985

1994. Undirritun samningsins var Íslendingum afar mikilvæg. Er þetta fyrsti stóri alþjóðlegi hafréttarsamningurinn er íslenska ríkið undirritar og fullgildir, því eins og kunnugt er þá voru Genfarsamningarnir aldrei fullgiltir hér á landi. Einnig er rétt að geta þess að Ísland var fyrsta vestræna ríkið er fullgilti samninginn. Réttarstaða Íslands á haf út var því skýr og var þar miklum áfanga náð.

III. 76. grein Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna

3. Skilgreining landgrunns

VI. hluti Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna fjallar um landgrunn og er 76. grein fyrsta grein þess hluta og gefur hún skilgreiningu á landgrunninu. Í 1. tl. 76. greinar sáttmálans segir svohljóðandi:

Landgrunn strandríkis tekur yfir hafsbotninn og botnlög neðansjársvæðanna sem ná utan landhelgi þess til allrar eðlilegrar framlengingar á landsvæði þess álit sem ytri brún landgrunnssvæðisins eða álit að 200 sjómílum frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá þar sem ytri brún landgrunnssvæðisins nær ekki svo langt út.¹⁷

Er þetta hin almenna skilgreining á lögfræðilegu landgrunni. Tómas H. Heiðar skiptir landgrunni upp í tvenns konar skilgreiningar. Annars vegar er það hið hefðbundna landgrunn í náttúrulegum skilningi; þ.e. sá stöpull sem landið sjálft hvílir á. Þetta kallar hann landgrunn í þrengri merkingu. En landgrunnssvæði er mun margþættara en svo og ekki svo auðútskýrt. Landgrunn í rýmri merkingu, þ.e. landgrunnssvæði, nær til "...allrar eðlilegrar framlengingar á landsvæði strandríkis allt að ytri brún svonefnds landgrunnssvæðis."¹⁸ Ákvæði 2. tl. 76. greinar setur ákveðnar hömlur á stærð landgrunns. Þar er tekið fram að landgrunn strandríkis skuli ekki ná út fyrir þau mörk sem kveðið er á um í 4.-6. tl. 76. gr. og vikið verður nánar að hér síðar. Ákvæði 3. tl. 76. gr. fjallar svo um landgrunnssvæðið og hvað nákvæmlega það nær yfir:

¹⁷ 1. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins

¹⁸ Tómas H. Heiðar, „Réttarstaða landgrunnsins, réttur strandríkja til landgrunns og afmörkun íslenska landgrunnsins,“ [2001] *Lindæla sérprent* 589

Landgrunnssvæðið tekur yfir neðansjávarframlengingu landmassa strandríkisins og er samsett af hafsbotni og botnlögum grunnsins, hliðinni og hliðardrögum. Til þess teljast ekki djúpsævisbotninn með úthafshryggjum sínum né botnlög hans.¹⁹

Landgrunnshliðin tekur við af sjálfu landgrunninu og kallast neðsti hluti hennar landgrunnshliðardrög. Nefnist þetta svæði í heild sinni landgrunnssvæði og þekur það um 20% af öllum hafsbotninum. Við enda hliðardraganna tekur svo djúpsjávarbotninn við.²⁰ Grunnslínur þær er tilgreindar eru í greininni, og landgrunnssvæðið er miðað við, eru þær sömu og víðátta landhelginnar er mæld frá. 5. gr. Hafréttarsamningsins kveður á um venjulega grunnlínu og að ef ekki sé annað tilgreint þá skuli notast við hana til að mæla víðáttu landhelginnar frá stórstraumsfjöruborði strandarinnar.²¹ Í 7. gr. er talað um beinar grunnlínur, sem skipta okkur Íslendinga miklu máli. 1. tl. 7. gr. segir að á stöðum þar sem strandlengjan er mjög vogskorin og óregluleg þá megi notast við þá aðferð að draga beinar grunnlínur milli viðeigandi staða þegar grunnlína, sem víðátta landhelginnar er mæld frá, er dregin.²² Afráðið hefur verið að draga beinar grunnlínur víða við strendur Íslands, þar sem þær eru hvað mest vogskornar og óreglulegar. Er, eins og áður segir, víðátta landhelginnar mæld frá þessum grunnlínunum, sem og víðátta lögsögunnar og landgrunnsins.²³

4. Staðsetning hliðarfótar

Það fyrsta sem ríki þurfa að gera þegar gera á tilkall til landgrunns utan 200 sjómílna er að staðsetja hliðarfótinn. b) liður 4. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins kveður á um að ef annað sannist ekki þá skuli rætur landgrunnshliðarinnar ákveðnar þar sem mesti hallabreytingastaðurinn er á lágsta hluta hennar.²⁴ Það er þó oft á tíðum vandkvæðum háð því erfitt getur verið að finna nákvæma staðsetningu hliðarfótar. Í grein þeirra Eldholm og Tsikalas, er fjallar um vísindalegt sjónarhorn á landgrunnssvæðið, kemur fram að vegna þessa þurfi 76. grein Hafréttarsamningsins á því að halda að settir verði fram bæði jarðfræðilegir og jarðeðlisfræðilegir

¹⁹ 3. tl. 76. greinar Hafréttarsamningsins

²⁰ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 139-140

²¹ 5. gr. Hafréttarsamningsins

²² 1. tl. 7. gr. Hafréttarsamningsins

²³ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 36

²⁴ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, og Tómas H. Heiðar, „Réttarstaða landgrunnsins, réttur strandríkja til landgrunns og afmörkun íslenska landgrunnsins,“ [2001] *Lindæla sérprent* 589

mælikvarðar þar sem hlíðarfóturinn er illgreinanlegur og þar sem hann samræmist ekki ytri mörkum hinnar jarðfræðilegu brúnar.²⁵ Richard T. Haworth tekur í sama streng í grein sinni, er varðar staðsetningu hlíðarfótar, og segir að strandríki ásamt Landgrunnsnefndinni standi frammi fyrir vandkvæðum með 76. gr. samningsins þar sem þau þurfa að gera upp á milli þess sem virðast vera tvenns konar skilgreiningar á hlíðarfæti. Annars vegar er það landmótunar skilgreining og hins vegar jarðfræðileg skilgreining. Segir hann jafnframt að viðmiðunarreglur nefndarinnar gefi til kynna að b) liður 4. tl. 76. gr. sé skýrður á þann hátt að hann leyfi strandríkjum að nota bestu jarðfræðilegu og jarðeðlisfræðilegu gögn sem fánleg eru til að staðsetja hlíðarfótinn þegar þær upplýsingar sem fengnar eru frá mesta hallabreytingastaðnum geta ekki staðsett hann nákvæmlega. Þetta segir Haworth að gefi einmitt til kynna að hlíðarfóturinn sé jarðhnik frekar en landfræðilegt einkenni.²⁶

Þar sem skilgreining hlíðarfóts hefur verið á reiki virðist rétt að líta til þess hvað samningsaðilar meintu nákvæmlega með orðinu hlíðarfótur. Ef til vill skýrist það ef við lítum á hugtakið „hlíðarfót“ í sögulegu samhengi. Truman Bandaríkjaforseti hafði árið 1945 gert tilkall til landgrunns úti fyrir ströndum Bandaríkjanna með þeim rökum að landgrunnið væri náttúruleg framlenging landsins sjálfs. Skilgreining þessa hugtaks vafðist þó heldur fyrir mönnum þegar fara átti að rita Hafréttarsamninginn því hvar nákvæmlega endar þessi náttúrulega framlenging? Því var ekki auðsvarað og þurfti því að fara vel yfir málin. Það sem þurfti að taka til athugunar var meðal annars fjarlægð frá landi, sjávardýpt og landfræðileg einkenni hafsbotsins. Dave Monahan segir í grein sinni, er fjallar um staðsetningu hlíðarfótsins, að 4. tl. 76. gr. gefi til kynna að það sé ekki alltaf auðvelt að staðsetja hlíðarfótinn þar sem b-liður hennar byrji á orðunum: „Ef annað sannast ekki skulu rætur landgrunns hlíðarinnar...“ Gefur þetta til kynna að þeir eru rituðu samninginn hafi gert sér grein fyrir að hlíðarfóturinn er ekki ávallt augljós. Viðmiðunarreglur Landgrunnsnefndarinnar hafa þó að geyma

²⁵ Olav Eldholm & Filippas Tsikalas, „Scientific Aspects of the Continental Shelf“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003) bls. 45

²⁶ Richard T. Haworth, „Determination of the Foot of the Continental Slope by Means of Evidence to the Contrary to the General Rule“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003) bls. 127

gögn er sýna annað. Þær reglur styðji þá röksemd að ytri brún landgrunnssvæðisins geti ekki haft álíka yfirborð eins og það landmótunarfyrirbæri sem hliðarfóturinn er.²⁷

Samkvæmt a) lið 4. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins þá skulu þau strandríki notast við ákveðnar reglur þegar ákveða á ytri brún landgrunnssvæðisins, þar sem það nær lengra en 200 sjómíllur. Ákvæði a) liðar i) 4. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins skýrir frá fyrri reglunni sem í daglegu tali er nefnd írska formúlan. Var þessari reglu upphaflega komið á til þess að tryggja strandríkjum fullveldisréttindi yfir því landgrunnssvæði sem líklegast væri að finna kolefni.²⁸ Formúlunni skal beitt svo að ytri brún landgrunnssvæðis er með beinum línunum og má ekki vera lengra en 60 sjómíllur milli punkta, þar sem þykkt setlaga er í það minnsta 1 % af fjarlægðinni frá hliðarfætinum.²⁹ Síðari regluna má finna í a) lið ii) 4. tl. 76. gr. og skal þá ytri brún landgrunnssvæðisins vera mæld með beinum línunum, ekki lengra en 60 sjómíllur milli punkta, og ekki lengra en 60 sjómíllur frá hliðarfætinum.³⁰ Hefur þessi regla stundum verið nefnd Hedberg formúlan. Líklegt er að ríki velji þá formúlu sem er hvað hagkvæmest fyrir þau og gefi þeim hvað mest svæði. Þetta er þó með þeim fyrirvara að með hvorugri aðferðinni nái punktarnir lengra en 100 sjómíllur frá 2500 jafndýptarlínunni eða lengra en 350 sjómíllur frá grunnlínunum, eins og segir í 5. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins.³¹ Í 6. tl. 76. gr. er þó settur fyrirvari og það gert ljóst að 350 sjómílna hámarkið gildi ekki þegar um er að ræða neðansjávarhæðir sem eru náttúrulegir hlutar landgrunnssvæðisins.³²

Skýrsla er unnin var upp úr rannsókn á landgrunninu, er ber nafnið *UNCLOS Survey Requirements and Services*, leiddi það meðal annars í ljós reglan um þykkt setlaga

²⁷ Dave Monahan, „Determination of the Foot of the Continental Slope as the Point of Maximum Change in the Gradient at Its Base“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003) bls. 94-99, og einnig 5. hluta Vísinda- og tæknilegra viðmiðunarregla Landgrunnarnefndar SP sem má nálgast í heild sinni hér: <http://daccessdds.un.org/doc/UNDOC/GEN/N99/171/08/IMG/N9917108.pdf?OpenElement>

²⁸ Tómas H. Heiðar, „Legal Aspects of Continental Shelf Limits“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003) bls. 26-27

²⁹ Sjá 4. tl. i) 76. gr. Hafréttarsamningsins

³⁰ Sjá 4. tl. ii) 76. gr. Hafréttarsamningsins

³¹ Sjá 5. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins: „Ákveðnu staðirnir, sem mynda línu ytri marka landgrunnins á hafsbotninum, dregna samkvæmt 4. tl. i) og ii), skulu annaðhvort ekki vera lengra en 350 sjómíllur frá grunnlínunum, sem víðátta landhelginnar er mæld frá, eða lengra en 100 sjómíllur frá 2500 metra jafndýptarlínunni sem er lína milli staða þar sem dýpi er 2500 metrar.“

³² 6. tl. 76. gr. Hafréttarsáttmálans

hafi opnað fyrir aðgang að þeim jarðeðlisfræðilegum gögnum sem þarf til að gera tilkall til landgrunnssvæðis utan 200 sjómílna. Má þá vel ímynda sér að regla þessi hafi orðið til þess að strandríki hafi ráðist í enn nákvæmari mælingar á setlögum en þau hefðu ella gert. Þau strandríki er hyggjast nýta sér þessa reglu þurfa að staðsetja nákvæmlega hlíðarfótinn sem og þykkt setlaganna. Vísindamenn er starfa á sviði landmælinga hafa löngum fundið vandkvæði á mælingum sem þessum. Ber þar helst að nefna erfiðleika við að bera kennsl á setlögin, útreikninga á þykkt þeirra sem og breytileika á dreifingu þeirra.³³

5. Hámark ytra landgrunns

Strandríki eiga rétt á landgrunn a.m.k. 200 sjómílnur³⁴ á haf út samkvæmt 1. tl. 76. gr. Má segja að það sé hið lögfræðilega landgrunn því þessi réttindi tilheyrja strandríkinu burt séð frá því hvort hið náttúrulega landgrunn nái svo langt eður ei. Hið lögfræðilega landgrunn og hið náttúrulega ná því ekki ávallt yfir jafn stórt svæði. Hið náttúrulega landgrunn nær ekki endilega alltaf 200 sjómílum eða það fari á hinn veginn og nái mun lengra út en 200 sjómílnur. Í síðara tilvikinu eiga ríki þó tækifæri til að freista þess að fá réttindi yfir auknu landgrunnssvæði. Ákvæði 5. og 6. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins kveða á um ákveðið hámark ytra landgrunns. 1. mgr. 5. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins segir að landgrunn skuli ekki ná lengra en 350 sjómílnur frá grunnlínum landsins eða 100 sjómílnur frá 2500 metra jafndýptarlínu. Jafndýptarlína þessi er dregin milli punkta sem staðsettir eru þar sem dýpi er 2500 metrar.³⁵ Í 6. tl. sömu greinar er sett ákveðið hámark á landgrunn neðansjávarhryggja. Þar segir að ytri mörk landgrunns á neðansjávarhryggjum skuli aldrei ná lengra en 350 sjómílnur frá grunnlínunum. Þessi tölulíður gildir þó ekki þegar um er að ræða neðansjávarlandslag, til að mynda hásléttur, bungur og grunn. Þegar um slíkt er að ræða ætti ríki að styðjast við regluna um 2500 metra jafndýptarlínuna.³⁶

³³ United Nations Convention on the Law of the Sea, „UNCLOS Survey Requirements and Services“ Fugro Pelagos Inc. Sjá nánar hér: www.unclos.com/papers/Requirements_Services.ppt

³⁴ 1 sjómíla samsvarar 1,852 metra

³⁵ 5. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins: “Ákveðnu staðirnir, sem mynda línu ytri marka landgrunnsins á hafsbótinunum, dregna samkvæmt 4. tl. a) i) og ii), skulu annaðhvort ekki vera lengra en 350 sjómílnur frá grunnlínunum, sem víðátta landhelginnar er mæld frá, eða lengra en 100 sjómílnur frá 2500 metra jafndýptarlínunni sem er lína milli staða þar sem dýpi er 2500 metrar.”

³⁶ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, og Tómas H. Heiðar, „Réttarstaða landgrunnsins, réttur strandríkja til landgrunns og afmörkun íslenska landgrunnsins,“ [2001] *Lindæla sérprent* 589

6. Önnur ákvæði 76. greinar

76. grein Hafréttarsamningsins veitir strandríkjum ekki aðeins réttindi heldur leggur einnig skyldur á þau strandríki er fá landgrunnssvæði utan 200 sjómílna. 8. tl. 76. gr. kveður á um að strandríkið skuli leggja upplýsingar um mörk landgrunnnsins utan 200 sjómílna fyrir Landgrunnsnefndina. Nánar verður þó fjallað um þetta ákvæði greinarinnar í kaflanum um Landgrunnsnefndina hér að neðan.³⁷ Einnig er ríkjum skylt, samkvæmt 9. tl. 76. gr. að komu þeim gögnum er málinu eru viðkomandi til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Fleiri réttindi og skyldur eru þó að finna í sáttmálanum en einungis í 76. grein hans og hér í næsta kafla eru flest þau réttindi og þær skyldur er tengjast landgrunninu tilgreind.³⁸

Að framansögðu er greinilegt að leggjast þarf í mikla rannsóknar- og tæknivinnu þegar afmarka skal ytri mörk landgrunnssvæðis og að vanda þurfi til verksins.

7. Réttindi og skyldur ríkja á landgrunnssvæðinu

7.1 Réttindi strandríkja

Þegar rætt er um að ríki geri tilkall til aukins landgrunnssvæðis verður að hafa í huga að slíku svæði fylgja bæði réttindi og skyldur. Í 77. gr. Hafréttarsamningsins er kveðið á um réttindi strandríkja á landgrunnssvæðinu. 1. tl. greinarinnar lýsir því yfir að strandríki hafi fullveldisréttindi yfir landgrunninu þegar kemur að rannsóknum á því og hagnýtingu auðlinda þess. Ef strandríki ákveður að nýta sér ekki þennan rétt hefur ekkert annað ríki rétt til þess nema að fengnu leyfi hjá viðkomandi strandríki. Í 4. tl. 77. gr. er skýrt tekið fram að til náttúruauðlinda er um ræðir í þessari grein flokkast jarðefnaauðlindir og aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotsins sem og botnlaganna, ásamt lífverum er flokkast til botnsetutegunda.³⁹ Innan 200 sjómílna efnahagslögsögu hefur strandríki einnig fullveldisréttindi hvað varðar rannsóknir og hagnýtingu, verndun og stjórnun náttúruauðlinda hafsins er liggur yfir

³⁷ Sjá 8. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins

³⁸ Sjá 9. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins

³⁹ 4. tl. 77. Hafréttarsamningsins hljóðar svo: Til náttúruauðlindanna, sem getið er í þessum hluta, teljast jarðefnaauðlindir og aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotsins og botnlaganna ásamt lífverum í flokki botnsetutegunda, þ.e.a.s. verum sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á eða undir hafsbotninum eða geta ekki hreyft sig nema í stöðugri snertingu við hafsbotninn eða botnlögin.

hafsbótinn.⁴⁰ Fullveldisréttindin ná yfir hafsbótinn og botnlög hans og taka til annarra athafna vegna efnahagslegrar hagnýtingar og rannsókna í lögsögunni, til að mynda framleiðslu úr orku úr sjónum, straumum og vindum, sbr. a) liður 1. tl. 56. gr. Hafréttarsamningsins.⁴¹ Annað mál er þó uppá teningnum þegar ríki gerir tilkall til landgrunnsvæðis utan 200 sjómílna. Þá er svæðið utan sérefnahagslögsögunnar og ná því réttindin aðeins til landgrunnsins sjálfs, en ekki til hafrýmisins yfir því. Þetta er skýrt tekið fram í 1. tl. 78. gr. Hafréttarsamningsins. Hafið fyrir ofan landgrunnið utan 200 sjómílna telst til úthafs sem er almenningseign samkvæmt Hafréttarsamningnum. Samkvæmt 1. tl. 87. gr. Hafréttarsamningsins er úthafið öllum ríkjum opið og hafa þau þar frelsi til siglinga og yfirflugs. Einnig hafa ríki frelsi til að leggja neðansjárstrengi og –leiðslur en þó verður að hafa í huga þær takmarkanir er fram koma í VI. hluti samningsins sem fjallar um landgrunnið.⁴²

Hafréttarsamningurinn kveður sérstaklega á um hafrannsóknir í sérefnahagslögsögu ríkja og á landgrunni þess. Í 1. tl. 246. gr. samningsins kemur fram að ríki hafi rétt til að setja reglur um, heimila og stunda hafrannsóknir á þessum svæðum.⁴³ Í 5. tl. greinarinnar eru talin upp þau tilvik er strandríki geta neitað að veita samþykki sitt til framkvæmda hafrannsóknarverkefnis á vegum annarra ríkja eða þar til bærra alþjóðastofnanna.⁴⁴ Geta ríki til að mynda synjað samþykki þegar verkefni hefur beina þýðingu fyrir rannsóknir á lífrænum sem ólífrænum náttúruauðlindum og hagnýtingu þeirra eða ef það hefur í för með sér boranir í landgrunnið, notkun sprengiefna eða losun skaðlegra efna í hafrýmið.⁴⁵

7.2 Skyldur strandríkja

Samkvæmt 82. gr. Hafréttarsamningsins eru ýmsar skyldur lagðar á strandríkið varðandi ytra landgrunnið. Er strandríkjum skylt að inna af hendi greiðslur eða framlög vegna hagnýtingar á ólífrænum auðlindum landgrunnsins utan 200 sjómílna. Hafa skal í huga að greiðslur þessar ná yfir olíu- og gasnýtingu strandríkis en ekki til

⁴⁰ Tómas H. Heiðar, „Réttarstaða landgrunnsins, réttur strandríkja til landgrunns og afmörkun íslenska landgrunnsins,“ [2001] *Lindæla sérprent* bls. 602-3

⁴¹ 1. tl. a) lið 56. gr. Hafréttarsamningsins

⁴² 87. gr. Hafréttarsamningsins

⁴³ 1. tl. 246. gr. Hafréttarsamningsins

⁴⁴ 5. tl. 246. gr. Hafréttarsamningsins

⁴⁵ a) og b) liður 5. tl. 246. gr. Hafréttarsamningsins

nýtingar þess á botnsetutegundum þar sem þær teljast til lífrænna auðlinda.⁴⁶ Ákvæði 2. tl. 82. gr. kveður á um að greiðslurnar skuli inna af hendi árlega vegna allrar framleiðslu vinnslustaðs að loknum fyrstu fimm framleiðsluárunum á þeim vinnslustað. Sjötta árið skal greiðsla nema 1 hundraðshluta verðmætis eða magns framleiðslunnar og fer hún hækkandi um 1 hundraðshluta á hverju ári þar eftir allt fram á tólfta árið og skal eftir það notast við 7 hundraðshluta.⁴⁷

Aðrar skyldur er strandríkjum ber að uppfylla eru til að mynda þær að skrá nákvæmlega ytri mörk landgrunnsins sem og afmörkun landgrunnsins þegar um mótlæg eða aðlæg ríki er að ræða. Samkvæmt 9. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins ber strandríkjum að koma gögnum sínum, kortum og öðrum viðeigandi upplýsingum, til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna þar sem ytri mörk landgrunnsins eru endanlega skýrð. Er það þá starf hans að sjá um að birta upplýsingarnar á tilhlýðilegan hátt.⁴⁸ Samkvæmt 2. tl. 84. gr. samningsins er strandríki skylt, er staðið hefur í deilum við mótlæg eða aðlæg ríki, að birta kort eða skrár er sýna landfræðileg hnit og staðsetningu ytri marka landgrunnsins.⁴⁹

Þegar ríki og/eða þar til bærar alþjóðastofnanir hafa í hyggju að stunda rannsóknir á landgrunni eða í sérefnahagslögsögu strandríkis hefur það vissar skyldur er það þarf að uppfylla. Samkvæmt 248. gr. Hafréttarsamningsins skulu ríkin og/eða alþjóðastofnanirnar láta ríkinu í té, eigi síðar en sex mánuðum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag verkefnisins, ítarlegar upplýsingar og lýsingar meðal annars á eðli og markmiðum verkefnisins og þeirri aðferð og tækjum sem fyrirhugað er að nota.⁵⁰ Þau ríki eða alþjóðastofnanir er ætla að stunda hafrannsóknir í sérefnahagslögsögu eða á landgrunni annars strandríkis þurfa einnig að uppfylla viss skilyrði. Þau þurfa til að mynda að tryggja strandríkinu þann rétt, ef það hefur áhuga á, að eiga fulltrúa í verkefninu, einnig að láta strandríkinu í té áfangaskýrslur og svo endanlegar niðurstöður þegar þær liggja fyrir.⁵¹

⁴⁶ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 170

⁴⁷ 82. gr. Hafréttarsamningsins

⁴⁸ 9. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins

⁴⁹ 2. tl. 84. gr. Hafréttarsamningsins

⁵⁰ a) og b) liður 248. gr. Hafréttarsamningsins

⁵¹ a) og b) liður 1. tl. 249. gr. Hafréttarsamningsins

IV. Afmörkun landgrunns milli aðlægra eða mótlægra ríkja

Í I. viðauka í vinnureglum Landgrunnsefndar Sameinuðu þjóðanna er vikið að þeim greinagerðum er kunna að kveða á um deilur um milli aðlægra eða mótlægra ríkja. Í viðauka þessum kemur fram hvernig nefndin tekur á því þegar upp koma slíkar deilur. Þegar ríki standa frammi fyrir slíkum deilum skulu þau gera grein fyrir þeim með því að senda inn greinagerð til nefndarinnar. Strandríki geta sent greinagerð eitt og sér eða í sameiningu þar sem nefndin er beðin um að koma með tillögur að afmörkun landgrunnssvæðis. Nefndin leysir þó ekki úr deilumálum þegar um ræðir afmörkun land- eða hafsvæðis. Þær tillögur er nefndin kemur með þegar um slík mál er að ræða hafa því ekki áhrif á land- eða hafsvæðis deilur, heldur eru einskorðaðar við deilur um landgrunn.⁵² Er það skýrt tekið fram í 10. tl. 76. gr. sem segir: „Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á afmörkun landgrunnssins milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum.“⁵³ Sérákvæði gilda um slík mál og ef ríkin geta ekki samið friðsamlega sín á milli þarf málið að fara fyrir til dómsúrlausnar sbr. 287. gr. Hafréttarsáttmálans eða fyrir sérstaka sáttanefnd. Þegar um er að ræða afmörkun landgrunns milli mótlægra eða aðlægra ríkja skal reyna að koma á samkomulagi á grundvelli þjóðaréttar svo sem sanngjarnastri lausn verði náð í hverju máli fyrir sig.⁵⁴ Ef engin leið að er að ná slíku samkomulagi skal fara eftir reglum sem kveðið er á um í XV. hluta Hafréttarsamningsins en 2. kafli hans fjallar um skyldubundna málsmeðferð sem leiðir til bindandi úrskurða. Þar í 286. gr. segir að hafi lausn ekki nást friðsamlega skuli deilumálið fara fyrir dómstól þann er hefur lögsögu.⁵⁵

Nokkrir úrskurðir Alþjóðadómstólsins í Haag um afmörkun landgrunnssvæða á milli mótlægra eða aðlægra ríkja hafa vakið eftirtekt og hafa sumir þeirra skapað mikilvæg fordæmi. Niðurstaða Norðursjávardómsins svokallaða frá árinu 1969 vakti mikla eftirtekt. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að miðlínureglan væri ekki venjuréttur og því þyrfti ekki fortakslaust að notast við hana. Hann taldi ennfremur að notast ætti við sanngirnissjónarmið, þ.e. að skipta bæði svæðinu þannig að sem

⁵² I. viðauki við vinnureglur Landgrunnsefndarinnar, má nálgast í heild sinni hér:

<http://daccessdds.un.org/doc/UNDOC/GEN/N04/415/32/PDF/N0441532.pdf?OpenElement>

⁵³ 10. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins

⁵⁴ Sjá 1. tl. 83. gr. Hafréttarsamningsins: Afmörkun landgrunnssins milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum skal komið í kring með samningi á grundvelli þjóðaréttar, eins og getið er í 38. gr. samþykktar Alþjóðadómstólsins, svo að sanngjarnri lausn verði náð.

⁵⁵ 286. gr. og 287. gr. Hafréttarsamningsins

sanngjörnumust niðurstaða næðist fyrir hlutaðeigandi ríki. Hafa skal þó í huga þegar þessi niðurstaða dómsins er skoðuð að hér er um aðlægt strandríki að ræða; V-Þýskaland, Holland og Danmörku. Ekki er víst að viðlíka niðurstaða hefði fengist ef um mótlægt ríki hefði verið að ræða. Niðurstaða Alþjóðadómstólsins í landgrunnsmáli Líbýu og Möltu, árið 1985, varðaði hinsvegar mótlægt ríki. Í því máli grundvallaðist niðurstaðan eingöngu á þjóðréttarvenjum þar sem Lýbía hafði ekki fullgilt Genfarsamninginn um landgrunnið. Dómstóllinn komst að því að byggja ætti í þessu tilfelli á miðlínureglunni. Hún væri bæði sanngjörn og samrýmdist landafræðilegum aðstæðum. Af þessum tveimur málum má sjá að dómstóllinn reynir að samrýma þær tvær reglur er hann vinnur eftir; þ.e. miðlínuregluna og sanngirniregluna. Ef miðlínureglan leiðir til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir eitt eða fleiri ríki virðast aðrir kostir koma til álita.⁵⁶

V. Ytra landgrunn

8. Auðlindir landgrunnins

Það er eflaust mörgum á huldu hvaða ávinning strandríki geta haft af því að gera tilkall til landgrunnss utan 200 sjómílna. Hvernig nýta strandríkin í raun og veru landgrunnssvæði sitt og af hverju? Landgrunnssvæði eru um margt auðug og má þar fyrst og fremst nefna þær auðlindir er flestir þekkja, það er olíu og gas. Er og talið að þar séu um 90% af heildarverðmæti þeirra steinefna er finna má á hafsbotninum. En af öðrum auðlindum má nefna steinefni eins og títan, tin, króm og í botni Rauða hafsins hefur mátt finna blý, sink, gull og silfur. En það eru ekki einungis steinefni sem eru eftirsóknarverð heldur er jafnframt hægt að stunda miklar veiðar á landgrunninu þá sérstaklega á botnsetutegundum til að mynda ostrum, skelfiski, humri og krabbadýrum.⁵⁷ Botnsetutegundir nefnast þær lífverur er þurfa stöðuga snertingu við sjávarbotninn til að geta hreyft sig úr stað og sumar eru hreinlega fastar við hann, eins og til dæmis kóralar.⁵⁸ Þær úthafsfisktegundir er halda sig á landgrunninu eru

⁵⁶ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 156-160

⁵⁷ R. R. Churchill & A. V. Lowe, *The Law of the Sea*, 2nd ed. (Manchester: Manchester University Press, 1988) bls. 120-21

⁵⁸ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 166

aðallega síld, makrill, túnfiskur, loðna og aðrar minni tegundir.⁵⁹ Þessar fisktegundir þurfa þó ekki stöðuga snertingu við sjávarbotninn eins og botnsetutegundirnar og falla því ekki undir auðlindir landgrunnsins heldur hafsins.⁶⁰ Það gefur því auga leið að hagsmunir strandríkja eru gífurlegir þegar kemur að landgrunni þess og skýrir eflaust sívaxandi áhuga strandríkja á auknu landgrunnssvæði sér til handa.

Hafa verður þó í huga að landgrunnssvæði eru afar ólík. Þó svo að olía finnist í miklu mæli á landgrunnssvæði eins strandríkis er ekki þar með sagt að slíkt sé að finna á landgrunnssvæðunum í kring. Þau strandríki er eiga landgrunnssvæði rík af auðlindum eru þó mörg hver dugleg við að nýta þær og af þeim löndum er standa okkur næst má nefna Norðmenn sem vinna mikla olíu úr landgrunni sínu og það gera einnig Bretar.⁶¹ Landgrunn Norðmanna er afar ríkt af olíu og er hún í dag mikil tekjulind fyrir þjóðina.⁶² Íslendingar hafa ekki enn fundið slíka olíu til að vinna úr þó verið sé að gera rannsóknir á þeim möguleika, sérstaklega norður og austur af landinu og á svæðinu í átt að Jan Mayen. Íslendingar nýta nú aðallega botnsetutegundir þær er halda sig á landgrunninu og má þar nefna hin ýmsu krabbadýr og skelfiska. Raunin er þó sú að möguleikar á nýtingu landgrunns hafa alls ekki verið skoðaðir til hlítar og því enn margt á huldu.

Paul L. Kelley segir í grein sinni, þar sem hann fjallar um olíurannsóknir á landgrunni, að auðlindir landgrunnsins verði sífellt verðmætari þar sem gangi hratt á auðlindir á landi. Hann heldur því fram að ríkisstjórnir margra strandríkja séu sífellt að efla rannsóknir á olíu og gas nýtingu landgrunnssvæðisins þar sem það komi sér afar vel fyrir efnahag ríkjanna. Einnig séu þetta náttúruvænar orkuauðlindir sem um ræðir og megi því flestir vel við una.⁶³

⁵⁹ The Natural History of Nova Scotia, „Offshore/Continental Shelf“ Department of Tourism, Culture and Heritage. Vefsíða: <http://museum.gov.ns.ca/mnh/nature/nhns2/900/900.htm>

⁶⁰ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 166

⁶¹ Má lesa meira um þetta efni á vefsíðu ríkisstjórnar Noregs: <http://www.regjeringen.no/en/dep/ud/About-the-Ministry/Minister-of-Foreign-Affairs-Jonas-Gahr-S/Speeches-and-articles/2006/The-Emergence-of-the-Barents-Sea-as-a-Petroleum-Province-Implications-for-Norway-and-Europe.html?id=420883> og lesa má nánar um olíuvinnslu Bretlands hér: http://www.catsites.com/UK_OCS_Production_Chemicals_2006.pdf

⁶² Hægt er að nálgast meiri upplýsingar um olíuvinnslu Norðmanna hér:

http://www.npd.no/English/Emner/Ressursforvaltning/Ressursregnskap_og_-_analyse/Ressursrapport_2005/ress-rapp-05-2.htm

⁶³ Paul L. Kelly, „Deepwater Oil Resources: The Expanding Frontier“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003) bls. 413

VI. Landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna

9. Skipun Landgrunnsnefndarinnar

Í II. viðauka Hafréttarsamnings SP segir frá eðli og hlutverki Landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. samningsins skal nefndin skipuð 21 manni er allir skulu vera sérfræðingar á sínu sviði, hvort sem það er í jarðfræði, jarðeðlisfræði eða sjómælingum. Þeir sérfræðingar er sitja nú í nefndinni eru valdir meðal annars með tilliti til heimkynna því reynt er að hafa dreifinguna tiltölulega jafna. Þau lönd er eiga sérfræðinga í nefndinni í dag eru Oman, Brasilía, Argentína, Nígería, Cameroon, Noregur, Mexíkó, Írland, Míritíus, Jamaíka, Rúmenía, Rússland, Kína, Kórea, Portúgal, Ástralía, Japan, Indland og Tógó.⁶⁴ Athyglisvert er að lögfræðimenntun er ekki skilyrði og eru engir löglærðir menn í nefndinni þó svo það spili stórt hlutverk innan nefndarinnar að túlka lagagreinar. Nefndina skipa því eingöngu raunvísindamenn. Nefndin starfar eingöngu eftir Hafréttarsamningnum og er bundin af honum. Nefndarmennirnir standa því oft á tíðum frammi fyrir erfiðum verkefnum þar sem vísindaleg túlkun getur oftast en ekki skarast á við hina lögfræðilegu túlkun. Hingað til virðist vinna nefndarinnar þó hafa gengið nokkuð snurðulaust fyrir sig og fjarvera löglærðra ekki háð henni.⁶⁵

10. Hlutverk Landgrunnsnefndarinnar

Frá hlutverki Landgrunnsnefndarinnar segir í 3. grein II. viðauka og kemur þar fram að hún skuli yfirfara öll þau gögn og það efni er strandríki þurfa að leggja fram „varðandi ytri mörk landgrunnsins á svæðum þar sem þau mörk ná út fyrir 200 sjómílnur“.⁶⁶ Einnig er þetta skýrt tekið fram í 8. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins. Nefndin skilar svo aftur tillögum að ytri mörkum landgrunns utan 200 sjómílna til strandríkis og skal ríkið ákveða mörkin á grundvelli þessara tillaga. Þegar það hefur verið gert teljast þau endanleg og bindandi. Ef strandríki sættist hins vegar ekki á

⁶⁴ Commission on the Limits on the Continental Shelf, „Members of Commission“ Division for Ocean Affairs and the Law of the Sea, Office of Legal Affairs, United Nations, 8. júní 2005. Sjá hér: http://www.un.org/Depts/los/clcs_new/members_expertise.htm

⁶⁵ Sjá nánar: Tómas H. Heiðar, „Legal Aspects of Continental Shelf Limits“ bls. 30

⁶⁶ 3. gr. II. viðauka Hafréttarsamningsins

ráðgefandi álit nefndarinnar getur það, innan ákveðins tíma, skilað inn nýju erindi til nefndarinnar sem þá kemur með nýja tillögu fyrir strandríkið. Hafa skal þó í huga að ráðgefandi álit nefndarinnar er aðeins tillaga og getur nefndin með engu móti bundið strandríki til að fylgja þeim í einu og öllu.⁶⁷ Auk þess þó að skila strandríkjum tillögum varðandi afmörkun landgrunnssvæða þá skal nefndin einnig vera reiðubúin að láta af hendi ýmis vísinda- eða tæknilegar ráðleggingar að beiðni strandríkja við gerð greinagerðar þeirra.

11. Tímamörk greinagerða

Þau ríki er gera tilkall til landgrunnssvæðis utan 200 sjómílna þurfa að leggja fram sínar rökstuddu kröfur fyrir 13. maí 2009. Upphaflega átti fresturinn að vera 10 ár frá gildistöku Hafréttarsamningsins en Landgrunnsnefndin tók þó ekki til starfa fyrr en árið 1997 og það var svo þann 13. maí 1999 sem nefndin samþykkti vísindalegar og tæknilegar viðmiðunarreglur sínar og miðast 10 ára reglan frá þeirri dagssetningu að ákvörðun nefndarinnar. Undirbúningur vegna tæknilegra viðmiðunarreglna nefndarinnar fór fram í tveimur hlutum, eins og kemur fram í inngangi reglanna. Fyrsti hluti fólst í bakgrunnsrannsóknum og setti nefndin á fót sex rannsóknarhópa í þessum tilgangi. Stunduðu þessir hópar rannsóknir á ýmsum fyrirbrigðum, til að mynda sjómælingar, landmælingar, jarðfræðimælingar, jarðeðlismælingar, mælingar á hlíðarfæti og að lokum mælingar á ytri brún landgrunnsins. Seinni hluti vinnunnar við viðmiðunarreglurnar fór fram um ári síðar þar sem nokkurs konar ritstjórnarnefnd var komið á fót og henni skipt upp í 13 vinnuhópa og hafði hver hópur sérviðfangsefni. Höfðu hóparnir það verkefni að undirbúa 10 kafla sem og tvo viðauka. Á fimmta fundi Landgrunnsnefndarinnar, þann 13. maí 1999, var farið yfir þær viðmiðunarreglur er vinnuhóparnir höfðu lagt fram og eftir umræður og umbætur voru þær samþykktar. Þessar vísindalegu og tæknilegu viðmiðunarreglur eru ætlaðar sérstaklega fyrir strandríki, að vera til leiðbeiningar er þau undirbúa greinagerðir sínar til nefndarinnar. Einnig er þeim ætlað að veita mikilvægar vísindalegar og tæknilegar

⁶⁷ Tómas H. Heiðar, „Legal Aspects of Continental Shelf Limits“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003) bls. 31

upplýsingar til ríkjanna við gerð greinagerðanna sem og til nefndarinnar vegna undirbúnings fyrir tillögur til strandríkjanna.⁶⁸

12. Strandríki er þegar hafa gert tilkall til landgrunnssvæðis utan 200 sjómílna

Þegar hafa nokkur ríki gert tilkall til landgrunns utan 200 sjómílna. Aðeins í einu tilviki hafa fleiri en eitt ríki skilað saman inn greinagerð og eru það Frakkland, Írland, Spánn, Stóra Bretland og Norður-Írland. Skiluðu ríkin inn greinagerð sinni vorið 2006 en afgreiðsla Landgrunnsnefndarinnar varðandi það mál hefur ekki verið birt. Samkvæmt vefsíðu Landgrunnsnefndarinnar var það Rússland er fyrst skilaði inn greinagerð til nefndarinnar og var það árið 2001. Árið 2004 gerðu bæði Brasilía og Ástralía tilkall til landgrunns utan 200 sjómílna en árið 2005 gerði Írland eitt ríkja slíkt tilkall. Árið 2006 gerði Nýja-Sjáland tilkall til aukinna landgrunnsréttinda, einnig þau lönd er skiluðu inn sameiginlegri greinagerð sem minnst er á hér að framan og nú síðast var það Noregur er skilaði inn greinagerð og gerði tilkall til aukinna landgrunnsréttinda á þremur svæðum úti fyrir ströndum landsins. Má búast við því að fjöldi greinagerða muni aukast til muna á næstunni þar sem aðeins um tvö ár eru til stefnu.⁶⁹

VII. Landgrunnssvæði þau er Ísland gerir tilkall til

Í skýrslu utanríkisráðherra frá árunum 2001-2002 er vikið að landgrunnsmálum. Þau landgrunnssvæði eru tilgreind er Ísland gerir tilkall til utan 200 sjómílnanna. Þau eru tvö suður af landinu, Reykjanes hryggur og Hatton-Rockall svæðið, og eitt í austri, það er í Síldarsmugunni. Ísland þarf að skila af sér greinagerð, eins og vikið hefur verið að, sem utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með undirbúningi en Orkustofnun hefur yfirumsjón með öllum þeim rannsóknum er fram fara á fyrrgreindum svæðum.⁷⁰ Skal nú fjallað um þau landgrunnssvæði er Ísland gerir tilkall til og saga þeirra mála rakin.

⁶⁸ Sjá í inngangi að vísinda- og tæknilegum viðmiðunarreglum Landgrunnsnefndarinnar sem finna má hér: <http://daccessdds.un.org/doc/UNDOC/GEN/N99/171/08/IMG/N9917108.pdf?OpenElement>

⁶⁹ Vefsíða Landgrunnsnefndarinnar, Commission on the Limits on the Continental Shelf, „Submissions and Recommendations“ Division for Ocean Affairs and the Law of the Sea, Office of Legal Affairs, United Nations, 17. apríl. Vefslóð: http://www.un.org/Depts/los/clcs_new/clcs_home.htm

⁷⁰ Skýrsla utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, um alþjóðamál, 647. mál, þskj. 1044

13. Samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál

Þann 17. febrúar árið 1999 skipaði iðnaðarráðherra samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá Orkustofnun, iðnaðar- og utanríkisráðuneytinu. Eru þeirra helstu starfsskyldur, meðal annars, að gæta hagsmuna Íslands á sviði olíu- og landgrunns mála og gera tillögur um kynningu á íslenska landgrunninu til að auka áhuga erlendra ríkja á að stunda rannsóknir á því. Einnig skal nefndin koma fram fyrir Íslands hönd í viðræðum um Hatton Rockall-svæði.⁷¹ Vinnur nefnd þessi enn fremur að undirbúningi greinargerðar fyrir Íslands hönd sem skila þarf til Landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna. Undirbúningsvinna hófst árið 2000, eins og fram kom í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar á 132. löggjafarþingi.⁷² Í ágúst 2001 mun ríkisstjórn Ísland hafa samþykkt tillögu utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra um undirbúning greinargerðarinnar sem fól í sér einhverjar þær víðamestu landgrunnsrannsóknir er ráðist hefur verið í umhverfis Ísland. Einnig kom fram í svari forsætisráðherra að það landgrunn er Ísland gerir tilkall til utan 200 sjómílna sé um 1.000.000 km² að stærð en það landgrunnssvæði sem sé innan 200 sjómílna markanna spanni um 350.000 km².⁷³ Forsætisráðherra segir að Orkustofnun, sem fer með yfirumsjón með öllum mælingum og rannsóknum, hafi afmarkað þrjú svæði til mælinga og eru það þau svæði sem Ísland gerir tilkall til aukinna landgrunnsréttinda, það er í Síldarsmugunni, á Reykjanes hrygg og á Hatton Rockall-svæðinu. Mælingar á þessum svæðum fóru fram á árunum 2002-2004 og voru framkvæmdar af Hafrannsóknarstofnun. Gerðar voru þrens konar mælingar og ber fyrst að nefna fjölgeisladyptarmælingar sem notaðar eru til að kortleggja landslag á hafsbotni. Þá voru einnig gerðar hljóðendurvarpsmælingar sem mæla þykkt setlaga og að lokum voru það

⁷¹ Iðnaðarráðuneyti, „Samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál“ Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, vefslóð: http://www.idnadarraduneyti.is/raduneyti/nefndir/Timabundin_Verkefni/nr/1018

⁷² Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra (2005). Svar hans við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar.

⁷³ Til gamans má geta þess að heildar landgrunnssvæði Noregs er um 2.000.000 km² að stærð og landgrunnssvæði Frakklands, innan 200 sjómílna, er 10.000.000 km² að stærð. Ástralía hefur gert kröfu um landgrunnssvæði utan 200 sjómílna sem nær yfir 3.400.000 km² svæði. Landgrunnssvæði Ísland er því ekki stórt miðað við mörg önnur strandríki. Sjá nánar hér: http://www.regjeringen.no/nb/dep/ud/dok/lover_regler/retningslinjer/2006/Questions-and-answers-The-continental-Shelf.html?id=436938

bylgjubrotsmælingar sem kanna gerð berglaga á landgrunni.⁷⁴ Talið er að það sé hagstæðast fyrir kröfur Íslands að miða ytri mörk landgrunnsins við ákveðna fjarlægð frá hliðarfætinum sem fundinn er með fjölgeisladyptarmælingum er Orkustofnunin hefur yfirumsjón með. Þó mætti ætla að á einhverjum svæðum væri hagstæðara að miða ytri mörkin við þykkt setlaganna eins og rætt var um hér að ofan. Til að mæla þykkt setlaganna þarf að beita hljóðendurvarpsmælingum.⁷⁵

Mikil vinna er eftir til að öðlast aukin landgrunnsréttindi og þónokkur tími sem á eftir að fara í hinar ýmsu mælingar sem og viðræður við þau strandríki er gera tilkall til sömu svæða og Ísland, þ.e. á Hatton Rockall svæðinu. Leggja þarf lokahönd á greinagerðir þær sem leggja á fyrir Landgrunnsnefndina fyrir aukin landgrunnsréttindi á Reykjanes hryggnum og í Síldarsmugunni. Er þessum verkefnum tryggt fjármagn í fjárlögum fyrir árið 2007 þar sem fram kemur að lagðar verði 15 milljónir kr. tímabundið sem framlag í þrjú ár til hinna ýmsu hafréttarverkefna. Greinilegt er því að aukin landgrunnsréttindi Íslands eru ofarlega á baugi og lítur út fyrir að ekkert lát verði á umræðum og aðgerðum á næstunni.⁷⁶

14. Síldarsmugan

Íslendingar hafa lengi gert tilkall til landgrunns í Síldarsmugunni en eru þó ekki einir þjóða þar um. Bæði Noregur og Danmörk fyrir hönd Færeyja hafa gert tilkall til landgrunnsréttinda á sama svæði. Hafa átt sér stað viðræðu milli ríkjanna um skiptingu svæðisins síðastliðinn ár og var það nú þann 20. september 2006 að fulltrúar Íslands, Færeyja, Noregs og Danmerkur undirrituðu samkomulag sem fól m.a. í sér viðurkenningu á landgrunnsréttindum Íslands yfir 29.000 km² svæði. Samkvæmt samkomulaginu er undirritað var öðlast Færeyjar landgrunnsréttindi yfir um 27.000 km² svæði og Noregur fær réttindi yfir 55.528 km² svæði, og sjá má skiptingu svæðanna á mynd 2 í viðauka.⁷⁷ Tómas H. Heiðar, formaður íslensku samningsnefndarinnar, áréttaði hversu mikilvægur þessi samningur væri og einnig að hann væri um margt sérstakur. Hann sé til að mynda fyrsti samningurinn um

⁷⁴ Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra (2005). Svar hans við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar.

⁷⁵ Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, bls. 179

⁷⁶ Nefndarálit um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007, 1. mál, þskj. 421

⁷⁷ Skýrsla utanríkisráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, um utanríkis- og alþjóðamál, 363. mál, þskj. 395

landgrunns­mál í Norðaustur-Atlantshafi sem og fyrsti samningurinn, svo vitað sé til, þar sem þrjú ríki koma sér saman um afmörkun ytra landgrunns utan við 200 sjómí­lur.⁷⁸

Þetta samkomulag ríkjanna á þó eftir að fara fyrir Landgrunnsnefndina og verða ríkin þá að geta rökstutt tilkall sitt eins og segir hér að framan. Ef það er gert með viðunandi hætti munu þau að öllum líkindum hljóta samþykki nefndarinnar. Samkvæmt skýrslu utanríkisráðherra telur hún að Ísland muni ekki eiga í erfiðleikum með að sýna fram á tilkall sitt til svæðisins þar sem það ligg­i alfarið innan 60 sjómílna frá hliðarfætinum og telst því til landgrunns samkvæmt a) lið ii) 4. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins.⁷⁹

Í skýrslu utanríkisráðherra um alþjóðamál, er lögð var fyrir Alþingi í nóvember 2006, kemur ennfremur fram varðandi samkomulagið að Íslendingar megi vel við una. Að komist hafi verið að sanngjarnri niðurstöðu og að það svæði er samið hafi verið um að Ísland fengi sé stórt skref í rétta átt. Þetta muni auka trúverðugleika okkar sem þjóðar þegar farið verður í aðrar samningaviðræður varðandi aukin landgrunnsréttindi og að þetta gæti mögulega haft áhrif á samningsstöðu okkar í viðræðum við þau ríki er gera tilkall til landgrunns­svæðis á Hatton-Rockall svæðinu.

15. Hatton Rockall

Viðræður um landgrunn Hatton-Rockall svæðisins hafa staðið yfir í mörg ár en það var Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður sem á sínum tíma hóf umræður um málið og var hann ötull talsmaður aukinna landgrunnsréttinda, sem og annarra réttinda á hafinu, allan þann tíma er hann sat á Alþingi.⁸⁰ Fram kemur í ritstjórnargrein þeirri er birtist í Morgunblaðinu þann 3. júní 2006, að á þeim tíma er Eyjólfur hóf umræðuna hafi mörgum þótt hugmyndir hans ansi fjarstæðukenndar og fráleitt að Íslendingar gætu átt tilkall til svæðis svo langt á hafi úti. Í dag kveður við annan tón því nú eiga Íslendingar í viðræðum við þrjú önnur ríki um ytri landgrunns­réttindi á svæðinu og

⁷⁸ Hjörtur Gíslason, „Mikilvægt fordæmisgildi fyrir framtíðina,“ *Gagnasafn Morgunblaðsins*, [09. ágúst. 2001]. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1104155

⁷⁹ Skýrsla utanríkisráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, um utanríkis- og alþjóðamál, 363. mál, þsks. 395

⁸⁰ Eyjólfur Konráð Jónson (f. 1928 - d. 1997) sat á Alþingi á árunum 1974 – 1995

þykja kröfur Íslendinga ekki svo óraunsæjar í dag.⁸¹ Miklar umræður hafa átt sér stað á Alþingi Íslendinga um málið en flestir er tjá sig um málið virðast á þeirri skoðun að þetta séu réttindi okkar samkvæmt Hafréttarsamningnum og að íslensk stjórnvöld eigi að sjá til þess að umræðum verði haldið áfram.

Í umræðum á Alþingi árið 1990 um skýrslu um utanríkismál vék Jóhann Einvarðsson að hafsbotnsmálum á Hatton-Rockall svæðinu. Kvaðst hann sannfærður um að þau strandríki er kröfur hefðu gert um nýtingu á svæðinu myndu ná samkomulagi um samnýtingu. Hann hélt áfram og sagði að þó svo að hlutur Íslendinga kynni ekki að vera stór þá væri afar brýnt að halda umræðum áfram. Því ef ekki náist samningar um nýtingu svæðisins haldi það áfram að vera opið hafsvæði sem allar þjóðir heims geti nýtt sér, eins og kveðið sé á um í Hafréttarsamningnum. Það gæti leitt til mengunar á svæðinu sem myndi þá á endanum berast norður til okkar.⁸² Nokkru síðar hélt Eyjólfur K. Jónsson áfram umræðum á Alþingi um Hatton-Rockall svæðið. Hann byrjaði ræðu sína á þinginu þann 16. apríl 1993 með því að lýsa yfir hversu mikil deyfð væri yfir Alþingi þegar landgrunnsmál væru rædd. Hann ítrekaði það í ræðu sinni hversu mikilvægar auðlindir gætu leynst á landgrunnssvæðunum fyrir okkur og hversu mikla þýðingu aukið landgrunnssvæði gæti haft fyrir okkur Íslendinga. Hann fór enn og aftur yfir hvaða auðlindir væri um að ræða og þá sérstaklega á Hatton-Rockall svæðinu. Sagði hann að ríkisstjórn Íslands hafi komist langt í samningaviðræðum við Breta en því hafi ekki verið fylgt eftir.⁸³

Í skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál, er getið var um hér að ofan, er vikið sérstaklega að Hatton-Rockall svæðinu. Segir þar frá viðræðum íslenskra stjórnvalda við Bretland árið 2000 og að þær hafi verið á jákvæðum nótum. Bæði ríkin gerðu sér þó grein fyrir að Írland og Danmörk, fyrir hönd Færeyja, þyrftu einnig að koma að viðræðunum þessum og þann 11. október árið 2001 gerðist einmitt það að öll fjögur ríkin settust saman að samningaborðinu og voru þær viðræður afar gagnlegar. Í skýrslunni er þó tekið fram að um flókið mál sé að ræða og því ekki hægt að búast við skjótri niðurstöðu. Segir enn fremur að tvennt þurfi að koma til svo samkomulag náist; sé það í fyrsta lagi að ríkin komist að samkomulagi um skiptingu

⁸¹ „Aukin réttindi,“ *Gagnasafn Morgunblaðsins*, [03. júní. 2006]. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1086135

⁸² Jóhann Einvarðsson (1990). Ræða um skýrslu um utanríkismál.

⁸³ Eyjólfur Konráð Jónsson (1993). Umræða um skýrslu um utanríkismál.

landgrunnssvæðins eða fallist á að nýta það sem sameiginlegt nýtingarsvæði, og í öðru lagi að niðurstaða náist um afmörkun ytri marka landgrunnnsins með hliðsjón af tillögum Landgrunnsnefndarinnar.⁸⁴

Varðandi auðlindir á Hatton Rockall svæðinu segir í skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál, er minnst var á hér að framan, að þó nokkrar líkur séu taldar á því að olía finnist á þessu svæði. Þar er þó einnig minnst á að ekki sé eingöngu verið að einblína á olíu heldur geti þar leynst ýmsar aðrar auðlindir, allt frá málmum til erfðaefnis lífvera á hafsbotni. Með þeim tækniframförum er eiga sér stað í heiminum í dag er þess ekki langt að bíða að hægt sé að afla aukinnar vitneskju um mögulega nýtingu þeirra.⁸⁵ Þessu til stuðnings er skýrsla Antony Doré frá árinu 1998 sem ráðinn var sem óháður ráðgjafi starfshóps iðnaðarráðuneytisins um olíuleit. Í svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar á 131. löggjafarþingi kemur fram að í þessari skýrslu Doré að sýnt hafi verið fram á að það séu þrjú möguleg olíusvæði á landgrunni Íslands og þau séu Hatton Rockall-svæðið, Jan Mayen-svæðið sem og svæði úti fyrir Norðurlandi. Iðnaðarráðherra segir að í skýrslunni komi ennfremur fram að „lykillinn að nýtingu hugsanlegra olíu- eða jarðgasauðlinda á Hatton Rockall-svæðinu er að óvissu um landgrunnsréttindi verði eytt.“⁸⁶

Viðræðum um Hatton-Rockall svæðið er hvergi nærri lokið en þau ríki er gera tilkall til landgrunnsréttinda þar hittust nú síðast þann 15. desember 2006 en ekki náðist samkomulag þá. Sjá má þau svæði er ríkin gera tilkall til á mynd 3 í viðauka. Íslendingar leggja mikla áherslu á að ná samkomulagi við ríkin um skiptingu landgrunnnsins áður en greinargerðirnar verða lagðar fyrir nefndina. Ástæðan er sú að Landgrunnsnefndin fjallar í raun ekki um mál einstakra ríkja er viðkoma umdeildum landgrunnssvæðum án þess að fá samþykki allra ríkja er koma að viðkomandi deilu. Samkomulag milli ríkjanna er því afar brýnt og ættu þau öll að sjá hag sinn í því að ná fram samkomulagi áður en tíminn er úti.

⁸⁴ Skýrsla utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, um alþjóðamál, 647. mál, þskj. 1044

⁸⁵ Skýrsla utanríkisráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, um utanríkis- og alþjóðamál, 363. mál, þsks. 395

⁸⁶ Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra (2004). Svar hennar við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um olíuleit við Ísland.

16. Reykjaneshryggur

Umræðan um landgrunn á Reykjaneshrygg er um margt frábrugðin hinum svæðunum þar sem Ísland er þar eina ríkið er gerir tilkall til ytra landgrunns. Það sem þó flækir málin er hvort skilgreina skuli hrygginn sem neðanssjávarhrygg eða úthafshrygg. Mikilvægi þessara vangaveltna er ekki öllum ljós en reyndin er sú að niðurstaðan mun skipta Íslendinga gríðarlegu máli því afar mikill munur er á réttarstöðu þessara tveggja náttúrufyrirbæra. Neðansjávarhryggir geta verið hluti af landgrunnssvæði en skilyrðið fyrir því er að hann teygi sig inn á landgrunnssvæðið. Útsjávarhryggur getur hins vegar aldrei talist til landgrunnssvæðis heldur er einungis hluti af djúpsjávarbotninum samkvæmt 3. tl. 76. gr.⁸⁷

Neðansjávarhryggir hafa verið skilgreindir sem áframhaldandi hækkun á hafsbótinum með óreglulegar eða nokkuð sléttar útlínur og brattar hlíðar á meðan úthafshryggir eru í raun sívaxandi hækkun á hinum djúpa úthafsbótini með óreglulegar eða sléttar útlínur og brattar hlíðar.⁸⁸ Landgrunnarnefndin áréttar þó að skilgreiningamunur á milli neðansjávarhryggja og úthafshryggja geti ekki eingöngu oltið á tegund jarðskorpu, heldur verði að taka fleira til athugunar. Það er til að mynda náttúrulega framlengingu landmassans, formfræði hryggjanna og tengingu þeirra við landgrunnssvæðið eins og hún er skilgreind í 4. tl. 76. gr. samningsins.⁸⁹

Í greinagerð, sem gefin var út fyrir Landgrunnswerkefni Nýja-Sjálands (*New Zealand Continental Shelf Project*) af *Institute of Geological & Nuclear Sciences* vegna kröfu Nýja-Sjálands um aukin landgrunnsréttindi, segir að þýðing orðsins „hryggur“ geti verið breytileg eftir því hvort um er að ræða lagalega, landmótunarlega eða jarðfræðilega skilgreiningu orðsins. Þar stendur þó ennfremur að svo virðist sem alþjóðlegt samkomulag ríki um skilgreiningu orðsins í dag.⁹⁰ Þeir Harald Brekke og Philip A. Symond, er skrifuðu m.a. grein sem fjallar um neðansjávar- og úthafshryggi,

⁸⁷ Sjá nánari umfjöllun um 3. tl. 76. gr. á bls. 10 hér að framan.

⁸⁸ Pétur D. Leifsson, *The Current regime of delimiting the outer limits of the continental shelf – with special emphasis on ridge issues and the Icelandic situation*, LL.M. Dissertation in Public International Law. (Rotterdam: Erasmus University Rotterdam, 2001) bls. 24

⁸⁹ Vefsíða Landgrunnarnefndarinnar; Commission on the Limits on the Continental Shelf „Submissions and Recommendations“

⁹⁰ Upplýsingar fengnar af heimasíðu *Institute of Geological & Nuclear Sciences*, vefslóð:

http://www.gns.cri.nz/research/marine/images/unclosbook_print.pdf

gætu þó vísast ekki fallist á það. Í grein þeirra kemur fram að þeir töluliðir er víkja að hryggjum hafi verið þeir síðustu til að vera samþykktir á þriðju hafréttarráðstefnunni og hafi síðan þá verið hvað flóknustu og einna umdeildustu liðir 76. greinar samningsins. Úthafshryggir þeir er getið er um í 3. tl. 76. gr. Hafréttarsamningsins má skilgreina á tvo vegu samkvæmt þeim Brekke og Symond. Annars vegar má segja að úthafshryggir séu hryggir sem staðsettir eru að öllu leyti á ytri brún landgrunnssvæðisins og deili sömu jarðfræðilegu einkennum og uppruna og djúpsjávarbotninn. Hins vegar má lýsa úthafshryggjum á þann veg að þeir séu sá hluti er liggja við djúpsjávarbotninn en utan við hliðarfótinn og teygja sig til djúpsjávarbotnsins frá því svæði sem er á milli hliðarfótsins og ytri marka landgrunnssvæðisins, og sem deilir jarðfræðilegum einkennum og uppruna með djúpsjávarbotninum. Neðansjávarhrygg má lýsa sem hrygg sem liggur innan ytri marka landgrunnsins og er framhald af landgrunnshlíðinni en verður þó að hafa frábrugðin jarðfræðileg einkenni og/eða uppruna frá landmassa sjálfs strandríkisins.⁹¹

Þó nokkrar umræður hafa átt sér stað á Alþingi um landgrunnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg og virðast flestir þeir alþingismenn er flutt hafa erindi um málið vera sammála um að Ísland eigi þarna ótvíræðan rétt. Í ræðu sinni á Alþingi árið 1979 vék Finnur Torfi Stefánsson⁹² að 7. fundi Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem þá var nýlokið. Sagði hann að þar hafi aðallega verið deilt um reglur um skiptinu landgrunnssvæða milli ríkja, þá aðallega milli miðlínureglunnar og sanngirnissjónarmiða. Einnig hafi mikið verið rætt hver landgrunnsskilgreining utan 200 sjómílna eigi að vera og hversu langt út fyrir þær ríkjum eigi að vera heimilt að fara. Sagði Finnur að ef litið væri á landgrunnsskilgreininguna þá hefði Íslendingar afar mikla hagsmuni af því að skilgreiningin yrði sem víðust og að það myndi þjóna okkar hagsmunum hvað best að styðja þá tillögu er liti að sem víðtækasti og víðastri skilgreiningu á landgrunninu. Nefndi hann í þessu tilliti Reykjaneshrygginn og að við ættum kost á að öðlast þó nokkur mikil landgrunnsréttindi á því svæði ef sú tillaga yrði ofan á er byggði á víðtækri skilgreiningu á landgrunninu.⁹³

⁹¹ Harald Brekke & Philip A. Symonds, „The Ridge Provision of Article 76 of the UN Convention on the Law of the Sea“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003) bls. 195

⁹² Finnur T. Stefánsson sat á Alþingi á árunum 1978-79 og má nálgast nánari upplýsingar um hann hér: <http://www.althingi.is/cv.php4?nfaerslunr=152>

⁹³ Finnur T. Stefánsson (1979). Ræða um utanríkismál.

Árið 1983 fluttu þeir Pétur Sigurðsson og Eyjólfur K. Jónsson þingsályktunartillögu fyrir Alþingi um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjanes hrygg. Hún var samþykkt með smávægilegum breytingum og er svo hljóðandi:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja formlega þau ótvíræðu réttindi til hafsbotnsins á Reykjanes hrygg og út frá hlíðum hans sem Ísland á tilkall til samkvæmt 76. grein Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.⁹⁴

Í þingræðu sinni árið 1989 sagði Eyjólfur K. Jónsson að Íslendingar ættu hafsbotnsréttindi út að 350 sjómílum sem þeir höfðu helgað sér með samþykkt Alþingis en hefðu þó ekkert nýtt sér. Hann sagði að ótal ríki væru að stunda þarna ólöglegar karfaveiðar þar sem Íslendingar hefðu fullveldisrétt yfir hafsbotninum og þeir einir mættu nýta hann. Hann minnst enn og aftur á þær auðlindir er landgrunnssvæðið hefðu að geyma, ekki bara það sem fyndist í sjálfum hafsbotninum heldur líka þær lífverur sem þyrftu á snertingu hans að halda til að halda lífi.⁹⁵ Árið 1992 vitnaði svo Eyjólfur Konráð Jónsson í Karl Gunnarsson í ræðu sinni sem hafði haldið því fram að allnokkur setlög væru í hlíðum Reykjanes hryggjar og að það styrkti kröfur íslenskra stjórnvalda til landgrunnuréttinda á svæðinu, sbr. 3. tl. 76. gr. hér að ofan. Eyjólfur vísaði einnig í orð Guðmundar Pálmasonar þar sem hann sagði það ótvírætt mál að Reykjanes hryggurinn væri náttúrulegt framhald af Íslandsgrunni og afar mikilvæg auðlind fyrir okkur Íslendinga.⁹⁶ Í annarri þingræðu sagði Eyjólfur: „Fyrir utan 200 mílurnar eigum við meira og stærra landgrunn, ég segi og endurtek, við eigum það.“ Eyjólfur er þarna að vísa til Reykjanes hryggjar sem og Hatton-Rockall svæðisins. Eyjólfur gekk svo langt að segja að Hatton-svæðið væri: „...alveg skýlaus eign okkar hvað sem öllum samningum við Breta líður.“⁹⁷ Pétur Sigurðsson hafði einmitt talað á svipuðum nótum 10 árum áður í þingræðu sinni er hann segir að réttindi Íslendinga yfir hafsbotninum yfir Reykjanes hrygg væru ótvíræð samkvæmt ákvæðum Hafréttarsamningsins. Því ættu allar auðlindir hans að tilheyra okkur og nefndi hann í því tilliti jarðhita svo og hugsanlega málma er þar kynnu að hafa myndast. Einnig taldi hann líklegt að þar væri að finna skel- og krabbadýr sem, samkvæmt skilgreiningu Hafréttarsamningsins, tilheyrði botninum. Pétur hélt áfram

⁹⁴ Þingsályktun um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjanes hrygg, 34. mál, þskj. 662

⁹⁵ Eyjólfur Konráð Jónsson (1989). Umræður um skýrslu um utanríkismál.

⁹⁶ Eyjólfur Konráð Jónsson (1982). Ræða um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjanes hrygg.

⁹⁷ Eyjólfur Konráð Jónsson (1992). Umræður um þingsályktunartillögu um rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði.

og sagði að yfirráð yfir landgrunnssvæðinu á Reykjanesshrygg tryggði okkur aukin áhrif á stjórnun fiskveiða á svæðinu þar fyrir ofan, bæði beint og óbeint. Vísaði hann í því tilliti til samnings er undirritaður hefði verið af nær öllum þjóðum Vestur-Evrópu um fiskveiðar á Norður-Atlantshafi frá 19. maí 1969, sem heimilaði eftirlitsskipum okkar m.a. eftirlit með veiðarfærum. Taldi hann að þessi samningur myndi gera okkur kleift að hafa mun meira eftirlit á hafsvæði því sem væri yfir svæði er landgrunnsréttindi okkar næðu yfir.⁹⁸

Össur Skarphéðinsson bar upp spurningu á Alþingi þann 3. mars árið 1999 þess efnis hvort íslensk stjórnvöld hefðu „...undirbúið einhvers konar tilkall til olíu sem kann að verða unnin utan efnahagslögsögunnar á næstu árum, á Reykjaneshrygg, þá í krafti alþjóðlegra sáttmála eins og t.d. hafréttarsáttmálans?“⁹⁹ Þáverandi iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, svaraði því til að um snúið mál væri að ræða. Að þessi mál heyrðu undir fleira en eitt ráðuneyti og nefndi þar utanríkisráðuneytið og iðnaðarráðuneytið. Einnig að það hefðu verið gerðar ýmsar rannsóknir í samstarfi við ýmsa aðila en vafi léki þar á hvort opinbera mætti þau skjöl án tilskilinna leyfa. Þá sagði þáverandi iðnaðarráðherra að þetta tengdist einmitt þeim alþjóðasamningum um hversu langt Ísland gæti gengist í slíkri leit. Hann vísaði þá í samráðsnefndina, sem getið er um hér að ofan, og hversu mikilvæg hún væri til að auðvelda aðgang að upplýsingum fyrir erlenda aðila er kynnu að hafa áhuga.¹⁰⁰

Margt er því enn á huldu um hvort Ísland fái aukin landgrunnsréttindi á Reykjaneshrygg eður ei. Ef svo kynni að fara þá er vinnunni þó hvergi nærri lokið því auðlindir landgrunnsins á því svæði eru hvergi nærri fullkannaðar.

⁹⁸ Pétur Sigurðsson (1982). Flutningsræða um hafsbotsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg.

⁹⁹ Össur Skarphéðinsson (1999). Fyrirspurn til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um landgrunnrannsóknir.

¹⁰⁰ Finnur Ingólfsson (1999). Umræður um landgrunnrannsóknir.


VIII. Lokaorð

Það er sannarlega að mörgu að hyggja þegar landgrunnsréttindi strandríkja eru skoðuð. Þau hafa tekið talsverðum breytingum síðustu ár og áratugi og er réttarstaða landgrunns samkvæmt þjóðarétti nú mun sterkari og skýrari heldur en áður var og þá aðallega vegna tilkomu Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna. Strandríki geta nú gert tilkall til ytra landgrunns á grundvelli 76. greinar Hafréttarsamningsins sem sett var til að tryggja að landgrunnsrétti væru takmörkuð og skýr því bæði Genfarsamningurinn um landgrunn og venjuréttur voru afar óljós varðandi víðfeðmi réttindanna. Tel ég því 76. grein Hafréttarsamninginn stóran sigur fyrir strandríki og mikinn ávinning fyrir hafrétt í heild sinni. Ytra landgrunn skiptir mörg strandríki miklu máli og spila auðlindir sem þar er að finna stóran þátt í efnahagslífi margra ríkja.

Þegar litið er á kröfur Íslands til landgrunnsréttinda sést að um stórt svæði er að ræða og er eflaust hægt að líta svo á í fyrstu að þær séu óraunsæar og eigi sér ekki lagalega stöð. Þegar litið er til 76. greinar Hafréttarsamningsins kemur þó hið gagnstæða í ljós. Ísland á samkvæmt þjóðarétti rétt á ytra landgrunni á þeim svæðum er það gerir tilkall til. Þetta byggir ég í fyrsta lagi á því hversu vel viðræður gengu við þau ríki eru gerðu tilkall til landgrunns svæða í Síldarsmugunni og útkomu þeirra samningaviðræðna. Ísland má vel við una við niðurstöður þeirra. Tel ég þessar umræður hafa styrkt stöðu okkar til muna í viðræðum okkar um landgrunns svæði á Hatton-Rockall svæðinu. Tilkall Íslands til landgrunnsréttinda á Reykjaneshrygg er vandmeðfarið mál en miðað við þær rannsóknir og umræður er hafa átt sér stað er ég þess sannfærð að Ísland eigi fullan rétt á því svæði er það gerir tilkall til.

Það væri mikill ávinningur fyrir Ísland ef Landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna samþykkti kröfurnar og staðfesti þannig þau auknu landgrunnsréttindi sem Ísland sækist eftir. Hvað nákvæmlega það myndi hins vegar þýða fyrir efnahag Íslands er ekki gott að segja. Ég tel þó að það myndi styrkja stöðu landsins til muna og efla trúverðugleika þess í þjóðréttarlegum skilningi.

IX. Viðauki



Mynd 1

Á mynd 1 má sjá landgrunn Íslendinga eins og það birtist í reglugerð nr. 196/1985 um afmörkun landgrunns til vesturs, suðurs og austurs:

Liður ABC er miðlína milli Íslands og Færeyja


Liður CD er 200 sjómílna fjarlægð frá Færeyjum, Stóra-Bretlandi og Írlandi

Liður DEF er 60 sjómílna fjarlægð frá brekkufæti

Liður FGH sýnir 350 sjómílna fjarlægð frá Íslandi


Liður HIJ er 200 sjómílna mörk Grænlands

Liður JK er miðlína milli Íslands og Grænlands



Mynd 2

Hér má sjá skiptingu landgrunnsréttinda í suðurhluta Sildarsmugunnar. Það svæði er Íslendingar fá samkvæmt samkomulaginu er táknað með stöfunum ABCF og nær yfir 29.000 km² svæði. Færeyjar fá réttindi yfir svipuðu svæði að stærð eða um 27.000 km² en svæðið er Noregur fær réttindi yfir er um helmingi stærra eða 55.528 km².



Mynd 3

Hér má sjá þær kröfur um landgrunnsréttindi á Hatton Rockall svæðinu og á Reykjanes hryggnum. Eins og sjá má á eru fjögur ríki er gera tilkall til réttinda á sama svæðinu og þurfa þau að koma sér saman um skiptingu þess.

X. Heimildaskrá

Bækur

1. Davíð Ólafsson, *Saga landhelgismálsins: baráttan fyrir stækkun fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur*, (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1999)
2. Dave Monahan, „Determination of the Foot of the Continental Slope as the Point of Maximum Change in the Gradient at Its Base“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003)
3. Gunnar G. Schram, *Hafréttur*, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001)
4. Harald Brekke & Philip A. Symonds, „The Ridge Provision of Article 76 of the UN Convention on the Law of the Sea“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003)
5. Olav Eldholm & Filippos Tsikalas, „Scientific Aspects of the Continental Shelf“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003)
6. Paul L. Kelly, „Deepwater Oil Resources: The Expanding Frontier“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003)
7. Pétur D. Leifsson, *The Current regime of delimiting the outer limits of the continental shelf – with special emphasis on ridge issues and the Icelandic*

- situation*, LL.M. Dissertation in Public International Law. (Rotterdam: Erasmus University Rotterdam, 2001)
8. R. R. Churchill & A. V. Lowe, *The Law of the Sea*, 2nd ed. (Manchester: Manchester University Press, 1988)
 9. Richard T. Haworth, „Determination of the Foot of the Continental Slope by Means of Evidence to the Contrary to the General Rule“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003)
 10. Sjávarútvegsráðuneytið, *Landgrunnslögin 1948 – 1978*, (Reykjavík: Sjávarútvegsráðuneytið, 1978)
 11. Tómas H. Heiðar, „Legal Aspects of Continental Shelf Limits“ in Myron H. Nordquist, John Norton Moore & Tómas H. Heiðar, ed.s, *Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits*, (Boston: Martinus Nijhoff Publishers, 2003)
 12. Tómas H. Heiðar, „Réttarstaða landgrunnsins, réttur strandríkja til landgrunns og afmörkun íslenska landgrunnsins,“ [2001] *Lindæla sérprent* 589

Netheimildir

13. Catsites, „Production Chemicals in the UK Offshore Continental Shelf“ Competitive Analysis Technologies (sótt í apríl 2007)
http://www.catsites.com/UK_OCS_Production_Chemicals_2006.pdf
14. Commission on the Limits on the Continental Shelf, „Rules of Procedure of the Commission on the Limits of the Continental Shelf“ Division for Ocean Affairs and the Law of the Sea, Office of Legal Affairs, United Nations, 2. júlí 2004 (sótt í apríl 2007)

http://www.un.org/Depts/los/clcs_new/commission_documents.htm#Rules%20of%20Procedure

15. Commission on the Limits on the Continental Shelf, „Members of Commission“ Division for Ocean Affairs and the Law of the Sea, Office of Legal Affairs, United Nations, 8. júní 2005 (sótt í apríl 2007)

http://www.un.org/Depts/los/clcs_new/members_expertise.htm

16. Commission on the Limits on the Continental Shelf, „Scientific and Technical Guidelines“ Division for Ocean Affairs and the Law of the Sea, Office of Legal Affairs, United Nations, 2. maí 2007 (sótt í apríl 2007)

http://www.un.org/Depts/los/clcs_new/commission_documents.htm#Guidelines

17. Commission on the Limits on the Continental Shelf, „Submissions and Recommendations“ Division for Ocean Affairs and the Law of the Sea, Office of Legal Affairs, United Nations, 17. apríl (sótt í apríl 2007)

http://www.un.org/Depts/los/clcs_new/clcs_home.htm

18. Iðnaðarráðuneyti, „Samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál“ Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið (sótt í mars 2007)

http://www.idnadarraduneyti.is/raduneyti/nefndir/Timabundin_Verkefni/nr/1018

19. Oljedirektoratet, „The Petroleum Resources on the Norwegian Continental Shelf“ Norwegian Petroleum Directorate (sótt í mars 2007)

http://www.npd.no/English/Emner/Ressursforvaltning/Ressursregnskap_og_-_analyse/Ressursrapport_2005/ress-rapp-05-2.htm

20. Regjeringen, „The Emergence of the Barents Sea as a Petroleum Province: Implications for Norway and Europe“ Ministry of Foreign Affairs, 10. október 2006 (sótt í apríl 2007)

<http://www.regjeringen.no/en/dep/ud/About-the-Ministry/Minister-of-Foreign-Affairs-Jonas-Gahr-S/Speeches-and-articles/2006/The-Emergence-of-the->

[Barents-Sea-as-a-Petroleum-Province-Implications-for-Norway-and-Europe.html?id=420883](http://www.barents-sea-as-a-petroleum-province-implications-for-norway-and-europe.html?id=420883)

21. Regjeringen, „Questions and answers: The continental Shelf“
Utenriksdepartementet (sótt í mars 2007)
http://www.regjeringen.no/nb/dep/ud/dok/lover_regler/retningslinjer/2006/Questions-and-answers-The-continental-Shelf.html?id=436938
22. Reglugerðasafn, „Reglugerð nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands“
Forsætisráðuneytið (sótt desember 2006)
<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/299-1975>
23. Reglugerðasafn, „Reglugerð nr. 196 frá 9. maí 1985 varðandi afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs “ Forsætisráðuneytið (sótt í mars 2007)
<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/196-1985>
24. Stjórnarráð Íslands, „Áfangar 1999. Utanríkisráðuneytið“ Forsætisráðuneytið (sótt í mars 2007)
http://www.stjr.is/Afangar_1999/nr/39
25. The Natural History of Nova Scotia, „Offshore/Continental Shelf“ Department of Tourism, Culture and Heritage (sótt í mars 2007)
<http://museum.gov.ns.ca/mnh/nature/nhns2/900/900.htm>
26. United Nations Convention on the Law of the Sea, „UNCLOS Survey Requirements and Services“ Fugro Pelagos Inc. (sótt í apríl 2007)
www.unclos.com/papers/Requirements_Services.ppt

Rafræn tímarit

27. „Aukin réttindi,“ [höfundur óþekktur] *Gagnasafn Morgunblaðsins*, [03. júní. 2006]. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1086135
(sótt í mars 2007)

28. Birgir Ísleifur Gunnarsson (1990). Ræða um eignarétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
http://www.althingi.is/dbabin/ff.pl?ggr=b&stofn1=true&texti1=Reykjaneshryggur&stofn2=true&skil1=OR&texti2=S%EDldarsmugan&skil2=OR&texti3=Hatton+Rokcall&s_lt=<hing=112
29. Eyjólfur Konráð Jónsson (1982). Ræða um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=0452<hing=105>
30. Eyjólfur Konráð Jónsson (1989). Umræður um skýrslu um utanríkismál. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
http://www.althingi.is/dbabin/ff.pl?ggr=b&stofn1=true&texti1=Reykjaneshryggur&stofn2=true&skil1=OR&texti2=S%EDldarsmugan&skil2=OR&texti3=Hatton+Rokcall&s_lt=<hing=111
31. Eyjólfur Konráð Jónsson (1992). Umræður um þingsályktunartillögu um rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
<http://www.althingi.is/altext/115/O4/r07183000.shtml>
32. Eyjólfur Konráð Jónsson (1993). Umræða um skýrslu um utanríkismál. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
http://www.althingi.is/dbabin/ff.pl?ggr=b&stofn1=true&texti1=Reykjaneshryggur&stofn2=true&skil1=OR&texti2=S%EDldarsmugan&skil2=OR&texti3=Hatton+Rokcall&s_lt=<hing=116
33. Finnur Ingólfsson (1999). Umræður um landgrunnsrannsóknir. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
<http://www.althingi.is/altext/123/03/r03152834.shtml>
34. Finnur T. Stefánsson (1979). Ræða um utanríkismál. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,

<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=3490<hing=100>

35. Frumvarp til laga um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 116. mál, þskj. 128. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
<http://www.althingi.is/altext/108/s/pdf/0128.pdf>
36. „Fyrsti samráðsfundur um landgrunnsréttindi á Hatton Rockall-svæði,“ [höfundur óþekktur] *Gagnasafn Morgunblaðsins*, [09. ágúst. 2001]. Vefslóð: <http://mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?nid=731579> (sótt í apríl 2007)
37. Halldór Ásgrímsson (1994). Umræður um skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
http://www.althingi.is/dba-bin/ff.pl?ggr=b&stofn1=true&texti1=Reykjaneshryggur&stofn2=true&skil1=OR&texti2=S%EDldarsmugan&skil2=OR&texti3=Hatton+Rokcall&s_lt=<_hing=118
38. Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra (2005). Svar hans við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
<http://www.althingi.is/altext/132/s/0539.html>
39. „Ísland hafði veruleg áhrif,“ [höf. óþekktur] *Gagnasafn Morgunblaðsins*, [10. des. 2002]. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=703307 (sótt í apríl 2007)
40. Jóhann Einvarðsson (1990). Ræða um skýrslu um utanríkismál. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
http://www.althingi.is/dba-bin/ff.pl?ggr=b&stofn1=true&texti1=Reykjaneshryggur&stofn2=true&skil1=OR&texti2=S%EDldarsmugan&skil2=OR&texti3=Hatton+Rokcall&s_lt=<_hing=113

-
41. „Mikilvægt fordæmisgildi fyrir framtíðina,“ Hjörtur Gíslason, *Gagnasafn Morgunblaðsins*, [09. ágúst. 2001]. Vefslóð:
http://mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?grein_id=1104155 (sótt í apríl 2007)
42. Nefndarálit um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007, 1. mál, þskj. 421, *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
<http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txi=/wwwtext/html/133/s/0421.html&leito=hatton#word1>
43. Pétur Sigurðsson (1982). Flutningsræða um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=0450<hing=105>
44. Samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Grænlands hins vegar um afmörkun landgrunnsins og fiskveiðilögsögu á svæðinu milli Íslands og Grænlands. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
<http://www.althingi.is/altext/122/s/1047.html>
45. Skýrsla utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, um alþjóðamál, 647. mál, þskj. 1044, *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
http://www.althingi.is/dba-bin/ff.pl?ggr=b&stofn1=true&texti1=Reykjaneshryggur&stofn2=true&skil1=OR&texti2=S%EDldarsmugan&skil2=OR&texti3=Hatton+Rokcall&s_It=<ling=127
46. Skýrsla utanríkisráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, um utanríkis- og alþjóðamál, 363. mál, þskj. 395, *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,
<http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txi=/wwwtext/html/133/s/0395.html&leito=hatton#word1>
47. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra (2004). Svar hennar við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um olíuleit við Ísland. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*,

<http://www.althingi.is/altext/131/s/0539.html>

48. „Viðræður um Hatton Rockall-málið í Lundúnum,“ [höf. óþekktur] *Gagnasafn Morgunblaðsins*, [24. nóv. 2004]. Vefslóð: <http://mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?nid=1113627> (sótt í apríl 2007)
49. „Viðræður um Hatton Rockall-málið,“ [höf. óþekktur] *Gagnasafn Morgunblaðsins*, [15. des. 2006]. Vefslóð: <http://mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?nid=1241779> (sótt í apríl 2007)
50. „Von á skýrslu um olíuvinnslu á Jan Mayen-hrygg innan skamms,“ [höf. óþekktur] *Gagnasafn Morgunblaðsins*, [22. jan. 2007]. Vefslóð: <http://mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?nid=1248665> (sótt í apríl 2007)
51. Þingsályktun um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg, 34. mál, þskj. 662, *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/105/s/pdf/0662.pdf>
52. Össur Skarphéðinsson (1999). Fyrirspurn til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um landgrunnrannsóknir. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, http://www.althingi.is/dba-bin/ff.pl?ggr=b&stofn1=true&texti1=Reykjaneshryggur&stofn2=true&skil1=OR&texti2=S%EDldarsmugan&skil2=OR&texti3=Hatton+Rokcall&s_It=<ling=123

Lagaskrá

53. Lög nr. 44 frá 5. apríl 1948 um verndun fiskmiða landgrunnsins
54. Lög nr. 41 frá 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn
55. Lög nr. 73 frá 18. maí 1990 um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins

Samningar

56. Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna (United Nations Convention on the Law of the Sea), 10. des. 1982